MOSFELLINGUR

90% BÆJARBÚA LESA MOSFELLING

5. TBL. 20. ÁRG. FIMMTUDAGUR 22. APRÍL 2021 • DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS

ÆRSLAGANGUR Á STEKKJARFLÖT

Sumardagurinn fyrsti er genginn í garð

GLEÐILEGT SUMAR

Mynd/RaggiÓla

EIGN VIKUNNAR www.fastmos.is

VILTU SELJA?

Vegna mikillar sölu undanfarið vantar okkur hjá Fasteignasölu Mosfellsbæjar allar gerðir eigna á söluskrá.

Endilega hafðu samband og við kappkostum að selja eignina þína!

Sími: 586-8080
www.fastmos.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar

FYLGSTU MEÐ OKKUR á Facebook

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is

Alla leið á öruggari dekkjum

Pantaðu tíma á n1.is

N1 Langatanga 1a
Mosfellsbæ

MOSFELLSBAKARÍ

Háholt 13-15 og
Háaleitisbraut 58-60

Sumarið er komið í Mosfellsbakaríi!

Mosfellingurinn María Marta Sigurðardóttir athafnakona

Fékk einstakan kraft til þess að halda áfram

»20

RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf
Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is
WWW.JONB.IS

CABAS

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR

MOSFELLINGUR

www.mosfellingur.is - mosfellingur@mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson, *hilmar@mosfellingur.is*
Ritstjórn:
Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, *annaolof@mosfellingur.is*
Ragnar Þór Ólason, *raggiola@mosfellingur.is*
Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is
Prentun: Landsprent. **Upplag:** 5.000 eintök. **Dreifing:** Afturelding.
Umbrot og hönnun: Mosfellingur ehf.
Próförk: Ingibjörg Valsdóttir ISSN 2547-8265

Tekið er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.

Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.

Næsti Mosfellingur kemur út 13. maí

Það er komið sumar

Gleðilegt sumar kæru bæjarbúar. Það hefur ekki beint verið sumarlegt um að litast síðustu daga en eigum við ekki að trúa því að úr rætist með hækkandi sól.

Mikið er rætt um hegðun ungmennanna okkar hér í Mosó og var haldinn góður íbúafundur á dögunum þar sem hugur virtist vera í Mosfellingum að gera betur sem samfélag.

Það þarf víst heilt þorp til að ala upp barn og ég held að íbúfundurinn og sú umræða sem hefur skapast að undanförnu hafi vakið marga upp af værum blundi.

Stundum verður mönnum á, styrka hönd þeir þurfa þá...
Höldum utan um krakkana okkar og beinum þeim á rétta braut. Langflestir unglingar í dag eru til mikillar fyrirmyndar og þeim skulum við heldur ekki gleyma að hrósa. Eflum forvarnir, fræðum og upplýsum. Það er árangursríkt.
Áfram Mosó og áfram unga fólkið. Framtíðin er í okkar höndum.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellings

ÍSFUGL

www.isfugl.is

KJÚKLINGUR KALKÚNN UM ÍSFUGL ÍSFUGLSBÆNDUR

Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

Mosfellspósturinn 1988

Stórgóðir sinfóníutónleikar

Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt tónleika undir stjórn Páls P. Pálssonar í íþróttahúsinu þann 30. janúar sl. og var aðsóknin allgóð.

Tónleikarnir hófust á Júpitersinfóníunni eftir Mozart, síðan lék Selma Guðmundsdóttir einleik á píanó, píanókonsert eftir Khatsjatúrían en Selma lék þar alveg einstaklega vel og var gaman að heyra túlkun hennar á þessu verki.

Þetta er í fyrsti skipti sem hún leikur með Sinfóníuhljómsveitinni en áreiðanlega ekki í síðasta sinn því leikur hennar var alveg stórkostlegur. Tónleikunum lauk með söng Karlakórsins Stefnis sem Lárus Sveinsson trompetleikari stjórnaði. Þeir fluttu Þér landnemar eftir Sigurð Þórðarson og Finlandia eftir J. Sibelius.

Það má segja að allir viðstaddir hafi verið afskaplega stoltir af söng kórsins, og getum við öll tekið undir orð Leifs Þórarinssonar í gagnrýni sinni í DV þann 1. febrúar en þar segir hann: „Mega Mosfellingar sannarlega vera stoltir af kór sínum; hann er ljómandi góður."

KARLAKÓRINN STEFNIR ÁSAMT SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS SEM LÉK UNDIR STJÓRN PÁLS P. PÁLSSONAR

Það er von allra sem þarna voru að það verði ekki langt þangað til við fáum aftur svona góða gesti til okkar.

Þetta lyftir öllum upp í skammdeginu að hlusta á góða tónlist vel flutta. Hafi sinfónían og kórinn þökk fyrir.

Umsjón: Birgir D. Sveinsson *(birgird@simnet.is)*

HÉÐAN OG ÞAÐAN

Getur þú fundið Benjamín falinn í blaðinu?

Rafíþróttadeild í Mosfellsbæ!

Rafrænn stofnfundur verður haldinn ***29. apríl kl. 20:00 á Zoom***.
Hvetjum alla áhugasama að stökkva með, iðkendur, foreldra og fleiri áhugasama sem vilja taka þátt. Komnar eru tillögur um aðila í stjórn svo flestir geta óhræddir fylgst með.
Á fundinum verður rætt um aðstöðu, tölvukaup, þjálfun, leiki, keppnislið o.fl.

Upplýsingar um fundinn og skráningar eru á FB undir „Rafíþróttadeild Mosó" Þeir sem eru áhugasamir að vera með og hjálpa til geta haft samband.

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Svanþór Einarsson
Lögg. fasteignasali

Egilína S. Guðgeirsdóttir

Hildur Ólafsdóttir

Þórhildur M. Sandholt
Lögg. fasteignasali

Sigurður Gunnarsson
Lögg. fasteignasali

Theodór Emil Karlsson

Fasteignasala Mosfellsbæjar hefur starfað í Mosfellsbæ síðan 1998 og hefur lagt metnað sinn í að þjónusta Mosfellinga frá upphafi

ERUM MEÐ KAUPENDUR

... að rað-, par- eða einbýlishúsi á Lágafellssvæði. Lágmark 4 svefnherbergi og bílskúr. Kaupendur eru tilbúnir með fjármögnun og greiðslumat.

Verð allt að kr. 110.000.000

TRÖLLATEIGUR

Einbýlishús á tveimur hæðum ásamt stórum bílskúr á stórri fallegri lóð við. Eignin er skráð 233,9 m2, þar af íbúðarhlutinn á tveimur hæðum 175,4 m2 og bílskúrinn 58,5 m2. Góð staðsetning. Stutt í verslanir og alla helstu þjónustu, skóla, sund og íþróttamiðstöðina að Varmá.

V. 98,7 m.

LEIRVOGSTUNGA - FALLEGT EINBÝLISHÚS

Fallegt einbýlishús í byggingu. Eignin er skráð 196,2 m2, þar af einbýlishús 153,1 m2 og bílskúr 43,1 m2 og afhendist tilbúin til innréttinga samkvæmt skilalýsingu seljanda. Vel skipulagt einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Mikil lofthæð er í eigninni sem skiptist í tvö svefnherbergi, tvö baðherbergi, þvottahús, geymslu, forstofu, eldhús, stofu, borðstofu og bílskúr.

V. 84,9 m.

EYJABAKKI - SUMARBÚSTAÐALÓÐIR

Sumarbústaðalóðir við Eyjabakka í Kjós. Lóðirnar standa við ána Sandá rétt við Meðalfellsvatn. Akstur frá höfuðborgarsvæðinu er 30-40 mín. Stutt er í þjónustu og fallegar gönguleiðir. Á svæðinu er verslun og veitingahús. Á hverri lóð er heimilt að byggja eitt frístundahús og eitt aukahús. Hámarksbyggingarmagn á lóð er 100 m2, þ.e. frístundahús og aukahús, aukahús skal þó ekki vera meira en 50 m2.

V. 6,3 m.

Aldrei fleiri tillögur borist í Okkar Mosó

Alls bárust 140 tillögur frá íbúum í lýðræðisverkefninu Okkar Mosó 2021 og hafa þær aldrei verið fleiri. Nú stendur yfir mat og úrvinnsla tillagnanna hjá fagteymi starfsfólks á umhverfissviði Mosfellsbæjar. Hugmyndirnar eru metnar út frá þeim forsendum sem gefnar eru í söfnun hugmynda og mótaðar til uppstillingar fyrir kosningu. Í kjölfarið verður stillt upp allt að þrjátíu verkefnum sem íbúum gefst kostur á að kynna sér nánar og kjósa um í kosningum sem munu hefjast 31. maí og standa til 6. júní. Mosfellsbær var fyrst sveitarfélaga til þess að veita 15 ára og eldri íbúum kost á að taka þátt í kosningunni um verkefni og er það nú orðið aldursviðmið hjá flestum öðrum sambærilegum verkefnum. Íbúar eru hvattir til þess að kynna sér þau verkefni sem lögð verða í dóm kjósenda og taka þátt í að velja verkefni sem koma til framkvæmda á næstu tveimur árum. Gert er ráð fyrir því að kostnaður við framkvæmd verkefnanna nemi allt að 35 milljónum króna á tímabilinu.

Kósí Kjarni varð fyrir skemmdarverkum

Vegna ítrekaðra skemmdaverka og slælegrar umgengni hefur reynst nauðsynlegt að setja öll húsgögn í Kósí Kjarna í geymslu. Því verður ekki unnt að nýta svæðið til samveru eins og vinsælt hefur reynst á meðal ungra sem aldinna á síðustu misserum. Meginhluti gesta hefur verið til stakrar fyrirmyndar og gætt torgið lífi en á því hafa reynst afdrifaríkar undantekningar með tilheyrandi tjóni. Á næstu dögum verður unnið að viðgerðum á húsgögnum, mat lagt á það hvort keypt verða ný húsgögn í stað þeirra sem hafa verið eyðilögð og öflug myndavélavöktun sett upp að nýju. Kósí Kjarni var eitt af þeim verkefnum sem íbúar völdu til framkvæmdar í Okkar Mosó 2019 og hefur breytt bæði ásýnd og aukið nýtingu á innitorginu í Kjarna til mikilla muna.

Stærsti einstaki áfanginn í átaki sem staðað hefur frá árinu 2019 • Bættur tölvukostur

Öll börn á unglingastigi hafa nú aðgang að tölvum

Í síðustu viku tóku skólar í Mosfellsbæ á móti 360 Chromebook fartölvum til afnota fyrir nemendur í 7.-10. bekk í grunnskólum bæjarins.

Þá hafa einnig verið keyptir 200 iPadar til afnota fyrir nemendur í 1.–6. bekk. Um er að ræða stærsta einstaka áfangann í því átaki sem hefur staðið yfir síðustu misseri við að bæta tölvukost í grunnskólum bæjarins fyrir bæði nemendur og starfsmenn.

Þróunarvinna frá árinu 2019

Allt er þetta hluti af þróunar- og umbótavinnu á sviði upplýsingatæknimála grunnskóla bæjarins sem staðið hefur yfir frá árinu 2019. Frá því að síðast voru sagðar fréttir af verkefninu í Mosfellingi hefur ýmislegt átt sér stað.

Ráðgjafi var ráðinn síðasta haust til þess að styðja grunnskólana við að taka næstu skref í þróun upplýsingatæknimála. Unnin var greining og mat á tækjakosti skóla og á þeim grunni sett fram þarfagreining sem tók mið af stöðunni og þörfum skólanna. Í kjölfarið var gerður samningur um Seesaw aðgang fyrir alla nemendur í 1.-6. bekk og kennara þeirra og Google for Education fyrir nemendur á unglingastigi.

Dreift miðað við stöðu tækjaeigna

Þessum 360 fartölvum og 200 spjaldtölvum var dreift í skólana miðað við stöðu tækjaeignar í hverjum skóla og þess gætt að hún sé nú orðin sambærileg milli grunnskólanna.

Nemendur í 7.-10. bekk hafa nú hver og einn afnot að Chromebook í skólanun og í 1.-6. bekk verða um 1,6 nemendur um hvern iPad og auðvelt verður að fá bekkjarsett til afnota við verkefnavinnu.

Umbætur og þjálfun starfsfólks

Sett hefur verið á laggirnar upplýsingatækniteymi í hverjum grunnskóla, sérstök Seesaw og Google leiðtogateymi með þátttöku kennara og stjórnenda.

AFHENDING TÖLVA Í VARMÁRSKÓLA

Seesaw er rafrænt námsumsjónarkerfi sem byggir á ferilmöppum og fjölbreyttum verkefnaskilum nemenda á yngsta stigi og miðstigi. Seesaw gefur foreldrum góða innsýn inn nám barnsins og kennurum góða yfirsýn yfir verkefni.

Google for Education felur í sér aðgang að öllum skólatólum frá Google á einum stað. Með því fá allir netfang sem endar á @mosmennt.is ásamt aðgangi að skýjalausnum Google. Á sama tíma fá starfsmenn aðgang að námsumsjónarkerfi.

Allir grunnskólar geta nú hagnýtt Google for Education umhverfið og Seesaw umhverfið auk sérsniðinna námskeiða fyrir leiðtogateymin sem síðan er ætlað að kenna í þeirra skólum og aðstoða aðra kennara.

Enn eitt stóra skrefið í skólaþróuninni

„Sú umbreyting á vinnubrögðum og fjárfesting í tækjum og hugbúnaði sem nú stendur yfir í skólum Mosfellsbæjar er enn eitt stóra skrefið í skólaþróun í Mosfellsbæ," segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri.

Kennarar og aðrir starfsmenn grunnskóla munu bera þessa umbreytingu áfram í samvinnu við nemendur og foreldra og ég hef þá trú að góður undirbúningur og röggsöm framkvæmd fræðslu- og frístundasviðs, starfsmanna og stjórnenda skólanna hafi skipt sköpum í þessu verkefni og muni skila okkur miklu til framtíðar litið. Framtíðin er núna," segir Haraldur.

Föst í brunni í 10 mínútur • Féll ofan í ískalt vatn og var verulega brugðið við óhappið

Kona féll í brunn að Lágafelli

BRUNNHÚS VIÐ LÁGAFELLSKIRKJU

Slökkviliðsmenn björguðu konu upp úr brunni nærri Lágafellskirkju þann 10. apríl.

Konan féll niður um klaka ofan í brunninn og var orðin köld og þrekuð þegar slökkviliðsmenn náðu að bjarga henni. Samferðafólk konunnar náði að halda henni upp úr vatni þar til hjálp barst. Um eins og hálfs til tveggja metra fall var niður í botn brunnsins. Slökkviliðsmaður segir að konan hafi ekki komist af sjálfsdáðum upp og hún hafi þurft að halda sér á floti með því að svamla í vatninu sem hafi örugglega verið um frostmark. Félagar hennar náðu að halda í hana.

„Um gamalt brunnhús er að ræða sem hafði verið lokað en einhver hafði greinilega opnað það," segir bæjarstjóri Mosfellsbæjar. Þarna hafði verið vatnsból á bújörð á landi í einkaeigu.

Mosfellsbær fór í að tryggja vettvang á kostnað eigenda og vakti athygli hans á að nauðsynlegt væri að fara í varanlegan frágang á þessari eign hans. Þessu máli verður fylgt eftir á næstu mánuðum í samvinnu við eiganda.

KIRKJUSTARFIÐ

WWW.LAGAFELLSKIRKJA.IS

HELGIHALD NÆSTU VIKNA

Allt safnaðarstarf miðast við gildandi fjöldatakmarkanir og ítrustu sóttvarna gætt. Við tökum vel á móti þér.

Sunnudagurinn 25. apríl
Guðsþjónusta kl. 11 frá Mosfellskirkju - rafræn á netinu. Sr. Ragnheiður og Bryndís leiða.

Kyrrðar- og bænastundir í Lágafellskirkju sunnudagana 2. og 9. maí kl. 11-12. Opin kirkja, tónlist, kveikt á bænakerti í góðu samfélagi. Prestar kirkjunnar hafa umsjón og Þórður organisti leikur tónlist.

Sunnudagaskólinn ávallt kl. 13 í Lágafellskirkju en auglýst í hvert skipti hvort það verði á staðnum eða rafrænt.

Æskulýðsstarfið ósoM fyrir 8.-10. bekk á þriðjudögum kl. 20-21:30 í safnaðarheimili Lágafellssóknar. Allir unglingar velkomnir.

Skráning fermingarbarna fyrir vorið 2022 hefst 15. maí. Nánari upplýsingar og skráning á lagafellskirkja.is.

Sumarnámskeið Lágafellssóknar 2021 Skráning er hafin á heimasíðunni okkar. Lofum stuði og ævintýrum í sumar! Sjá auglýsingu annars staðar í blaðinu.

Lágafellskirkja verður lokuð í sumar vegna viðgerða frá 24. maí-15. júlí 2021. Á því tímabili verður allt helgihald frá Mosfellskirkju.

FÁRÁNLEGA LÁGT VERÐ

FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ

Við bjóðum upp á takmarkað magn af hjólbörðum og felgum fyrir fólksbíla, minni jeppa, stærri jeppa og pallbíla.
Ný og ónotuð dekk á ótrúlegu lágu verði.

Gott úrval af dekkjum og felgum.

Hér fyrir neðan má sjá verðdæmi um dekk og felgur í boði:

Dekkja- og felgugangar:	Dekkjagangar:
25" 225/45R17 - 79.000 kr.	27" 225/60R17 - 49.000 kr.
18" 225/70R18 - 179.000 kr.	28" 235/55R18 - 59.900 kr.
33" 285/60/R20 - 199.000 kr.	30" 265/60R18 - 69.960 kr.
35" 315/75R17 - 290.000 kr.	33" 275/70R18 - 79.600 kr.

Fleiri stærðir í boði.
Uppgefið verð er heill umgangur eða 4 stk með vsk.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ISBAND.IS, DEKK@ISBAND.IS OG Í SÍMA 590 2323

SMURÞJÓNUSTA

SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA

VIÐURKENNT ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI, FIAT HÚSBÍLAR - ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI, ALLIR VINNA - ENDURGREIÐSLA VSK.

STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 590 2323

ISBAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMIÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • **OPIÐ VIRKA DAGA 07:45 - 17:00**

MOSFELLSBÆR

Helgafellsskóli haustið 2021

Helgafellsskóli í Mosfellsbæ leitar að öflugu fólki í ýmsar stöður

Helgafellsskóli er samrekinn leik- og grunnskóli sem hóf starfsemi í janúar 2019. Skólaárið 2021-2022 verður 1. – 9. bekkur í grunnskólahlutanum og fimm leikskóladeildir. Starfsfólk vinnur í teymum og mikil áhersla er á fjölbreytta kennsluhætti og góðan starfsanda meðal nemenda og starfsfólks. Leitað er að menntaðarfullum einstaklingum sem hafa áhuga á skólaþróun og vinnu með börnum.

Mosfellsbær er öflugt og eftirsótt sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

Lausar stöður:

- Deildarstjóri frístundar
- Grunnskólakennarar á öll skólastig
- Deildarstjórar á leikskóladeildir
- Leikskólakennarar
- Tónlistarkennari
- Smíðakennari
- Leiklistarkennari
- Sérkennari/nýbúakennari
- Íþróttakennari
- Stuðningsfulltrúar
- Frístundastarfsfólk
- Þroskaþjálfi í leikskóladeild
- Skólaliðar

Umsóknarfrestur um starfið er til og með 1. maí 2021

Sækja skal um störfin á ráðningarvef Mosfellsbæjar, www.mos.is/storf þar sem finna má nánari upplýsingar um öll störfin. Umsóknum um stöðurnar skal fylgja ferilsskrá og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veitir skólastjóri, Rósa Ingvarsdóttir í síma 547-0600. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

Þverholti 2 | 270 Mosfellsbær | Sími 525 6700 | mos.is

Bólið

SUMARFJÖR BÓLSINS

FYRIR 5. - 7. BEKK

Félagsmiðstöðin Ból
10 - 12 ára starf Bólsins

www.bolid.is

Í SUMAR

Verðum við með sumarfjör fyrir börn fædd 2008, 2009 og 2010

SKRÁNING

Skráning hefst 10. maí og má finna link á skráningu inn á bolid.is og facebook síðum Bólsins
Hvert námskeið kostar 2500 kr

DAGSETNINGAR

Við verðum með fimm námskeið:
21. júní - 24. júní
28. júní - 1. júlí
5. júlí - 8. júlí
12. júlí - 15. júlí
9. ágúst - 13. ágúst

13:00 - 15:30

GLEÐIAUKANDI RÁÐ

APÓTEKARINN ER FLUTTUR Í SUNNUKRIKA 3. VERIÐ HJARTANLEGA VELKOMIN.

Glæsileg opnunartilboð – gilda út apríl

15% afsláttur af lausa-sölulyfjum

20% afsláttur af vítamínum og bætiefnum

20% afsláttur af hárvörum

20% afsláttur af húðvörum

Sunnukriki 3
566 7123

www.apotekarinn.is

Apótekarinn
Mosfellsbæ

Sigur Rós hlaut heiðursverðlaun

Hljómsveitin Sigur Rós var heiðruð á Íslensku tónlistarverðlaununum sem fram fóru í Silfurbergi í Hörpu í kvöld. Hljómsveitin sagði það ólýsanlegt fyrir „gamla réttarsalsgengna menn“ að hljóta þessa viðurkenningu. Sveitin þakkaði sömuleiðis landanum öllum fyrir góðar viðtökur við „furðumúsík“ þeirra. Hljómsveitin var stofnuð í Mosfellsbæ árið 1994 en nafnið kom frá nýfæddri systur söngvara og gítarleikara sveitarinnar, Jóns Þórs Birgissonar eða Jónsa. Ásamt honum skipuðu hljómsveitina þeir Georg Holm, Ágúst Ævar Gunnarsson og síðar Kjartan Sveinsson, hljómborðsleikari og Orri Dýrason, trommari. Hljómsveitin hefur gefið út sjö breiðskífur, gert kvikmyndir, ferðast um Ísland og allan heiminn. Fyrsta plata Sigur Rósar, Von, kom út árið 1997 en plata þeirra, Ágætis byrjun, sem kom út árið 1999 náði eyrum tónlistarunnenda um allan heim. Velgengnin hélt áfram á plötunni () árið 2002 þar sem þeir bjuggu til sitt eigið tungumál, Vonlensku eða Hopelandic. Áhorfendahópurinn stækkaði áfram og hljómsveitin fór í fjölmörg tónleikaferðalög. Hún kom sér svo fyrir í nýju hljóðveri í gamalli sundlaug í Álafosskvosinni í Mosfellsbæ sem er fyrir löngu orðið goðsagnakennt og er enn starfrækt.

Ágústa með Mission framleiðslu í Mosfellsbæ • Spjallið með Góðvild sýnt vikulega

Vilja koma málefnum langveikra og fatlaðra á framfæri

Ágústa Fanney Snorradóttir kvikmyndagerðarkona rekur fyrirtækið Mission framleiðsla sem staðsett er í Háholti 14.

Ágústa hefur búið í Mosfellsbæ síðan í byrjun 2019 ásamt konu sinni og tveimur dætrum. Ágústa er menntuð í kvikmyndagerð og sjónvarpsframleiðslu frá skólanum COC í Kaliforníu. „Ég útskrifaðist 2013 og gerði þá heimildamyndina HUMAN TIMEBOMBS sem tekur á taugasjúkdóminum AHC, myndin hlaut fjölda verðlauna og mikla athygli,“ segir Ágústa sem stofnaði svo Mission framleiðslu árið 2017. „Eldri dóttir mín fæddist sama ár og ég stofnaði fyrirtækið og sú yngri kom í heiminn 17 mánuðum síðar í Kaliforníu þar sem við vorum búsettar á þeim tíma.

„Ég hef unnið með nokkrum fyrirtækjum hérna heima, framleitt og leikstýrt alls konar efni en ég starfa einnig sem tökumaður og klippari. Það er virkilega gaman að vera núna komin með Mission framleiðslu í gang og ekki skemmir fyrir að vera staðsett hér í dásamlega Mosfellsbæ.“

ANNA GRETA Í SETTINU HJÁ ÁGÚSTU

Margra ára samstarf við Góðvild

Ágústa er að framleiða ýmis myndbönd og kynningarefni og má þar nefna Spjallið með Góðvild sem sýndur er í hverri viku á vísir.is.

Þættirnir eru afurð margra ára samstarfs Ágústu og Sigurðar Hólmars Jóhannessonar sem er framkvæmdastjóri Góðvildar. „Þegar ég fékk það verkefni á vegum Góðvildar um að gera kynningamyndbönd fyrir félagið þá kviknaði þessi hugmynd að þáttunum. Ég fann að það var bara of mikið af hlutum sem þyrfti að ræða og koma hreyfingu á varðandi þennan málaflokk.

Inntak þáttanna er að koma mikilvægum málefnum langveikra og fatlaðra á Íslandi á framfæri. Við erum að vekja athygli á öllu sem við kemur þessum málaflokk, viðmælendur okkar spanna allan skalann, allt frá sjúklingum, foreldrum langveikra og fatlaðra barna til stjórnenda og stjórnmálamanna sem hafa meira með kerfið að gera.“

Anna Greta nýjasti viðmælandinn

„Þættirnir fóru að stað síðasta haust eru sýndir alla þriðjudaga á vísi, áhorfið hefur verið mikið og við fengið mikil viðbrögð.

Það er gaman að segja frá því að í nýjasta þættinum er viðmælandi okkar hún Anna Greta Ólafsdóttir skólastjóri Varmárskóla.

Anna Greta er sjálf með ADHD og henni er mikið í mun að skólakerfið mæti börnum á þeirra forsendum. Hún hefur góða og skýra sýn á skólakerfið á Íslandi og sterkar skoðanir á því hvernig við eigum að mæta börnum með námsörðugleika betur, hún er alveg frábær fyrirmynd,“ segir Ágústa að lokum og tekur fram að alla þættina má nálgast á Vísir.is.

ÁGÚSTA FANNEY



Aðalfundur FaMos

Aðalfundur FaMos verður haldinn í Harðarbóli, Félagsheimili Hestamannafélagsins Harðar, mánudaginn 10. maí kl. 20, ef búið verður að losa nægilega um samkomutakmarkanir. Nánari upplýsingar verða sendar í tölvupósti þegar nær dregur.

Stjórn FaMos

Íþróttir byrja aftur

Öll starfsemi er byrjuð aftur á vegum íþróttanefndar Famos. Allt verður á sama tíma og áður. Um er að ræða vatnsleikfimi, ringó, boccia, dansleikfimi, púttæfingar og leikfimisæfingar í World Class. Minnum á gönguhópinn sem er fyrir alla ***kl. 13:00 á miðvikudögum.*** Hittumst við Fellið/Varmá. *Nánari upplýsingar veitir formaður íþróttanefndar Famos á netfanginu brassinn@simnet.is, eða í síma: 8457490.*

Lengri opnunartími

Félagsstarfið Hlaðhömrum 2 er komið með nýjan og lengri opnunartíma og er framvegis opið á eftirfarandi tímum: ***Mánud. - fimmtud. 11:00-16:00. Föstud. 13:00-16:00.*** Handavinnuleiðbeinandi verður á staðnum alla daga nema föstudaga. Opnunartími gæti breyst þegar sumarfrí starfsmanna verða.
Bestu kveðjur, starfsmenn félagsstarfs Mosfellsbæjar

OPNUN

Myndlistarsýningar

Nemendur á listmálunarnámskeiði í félagsstarfi eldri borgara munu halda sýningu á verkum sínum í anddyri íþróttamiðstöðvarinnar að Lágafelli. Sýningin verður opnuð fimmtudaginn ***29. apríl kl 18:00*** og mun standa út maímánuð. *Öll hjartanlega velkomin.*

Demantamyndir

Vorum að taka upp nýja sendingu af demantamyndum sem eru til sölu í handverksstofu. Mjög fallegar myndir á góðu verði. *Verið velkomin.*

Kveðja, félagsstarfið.

Skrifstofa félagsstarfsins er opin alla virka daga kl. 13–16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er *Elva Björg Pálsdóttir* tómstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

Skrifstofa FaMos á Eirhömrum er opin alla fimmtudaga frá kl. 15–16.

FÉLAG ALDRAÐRA
í Mosfellsbæ og nágrenni
famos@famos.is
www.famos.is

STJÓRN FAMOS

Ingólfur Hrólfsson formaður
s. 855 2085 *ihhj@simnet.is*

Úlfhildur Geirsdóttir varaformaður
s. 896 5700 *bruarholl@simnet.is*

Margrét Ólafsdóttir gjaldkeri
s. 863 3359 *margretjako@gmail.com*

Snjólaug Sigurðardóttir ritari
s. 897 4734 *snjolaugsig@simnet.is*

Kristbjörg Steingrímsdóttir meðstjórnandi
s. 898 3947 *krist2910@gmail.is*

Jóhanna B. Magnúsdóttir 1. varamaður
s. 899 0378 *hanna@smart.is*

Bragi Bergmann Steingrímsson
2. varamaður *bbergman@hive.is*

Sumardagurinn fyrsti
22. apríl 2021

Tindaganga á Lágafell fyrir alla fjölskylduna!

Í boði skátafélagsins Mosverja

Glaðningur og viðurkenning fyrir öll börn sem komast á tindinn

Áskorunin er opin frá 10-16.

Lagt er af stað frá bílastæði
Lágafellskirkju á merktri gönguleið.
Skátar verða á staðnum til að
leiðbeina og afhenda glaðninga.

MOSVERJAR

Tindaáskorun Mosverja

Fróðleg bók um Meltún í Mosfellssveit • Kristbjörn Egilsson segir frá sumardvöl í sveit

Endurminningar drengs sem réð sig sem kaupamann á Meltún

Út er komin Meltúnsbók, Sumardvöl í Mosfellssveit 1962-1963 eftir Kristbjörn Egilsson.

Um er að ræða endurminningar drengs sem galvaskur réð sig sem kaupamann á bæinn Meltún í Mosfellssveit sumrin 1962 og 1963. Í bókinni er fágæt lýsing á lífi og starfi á nýbýli í hreppi sem var í örum vexti á sjöunda áratug 20. aldar. Horfinn heimur. Í ritinu er fjöldi ljósmynda sem ekki hafa birst áður.

Einnig er að finna í bókinni minningarbrot húsmóðurinnar í Meltúni, Sigríðar Þórmundsdóttur, sem hún skráði þegar hún var 85 ára. Þar fjallar hún m.a. um tímann þegar þau hjón staðfestust í Mosfellssveitinni og stofnuðu nýbýlið Meltún rétt eftir seinni heimstyrjöldina í skugga berklaveikinnar.

Meðfylgjandi er kafli úr bókinni en hana er hægt að nálgast í Héraðsskjalasafni Mosfellsbæjar eða í gegnum síma 8622728.

Meltúnshlaðið. Kýrnar á leið í fjósið til mjalta. Brúsapallurinn er til hægri við túnhliðið. Bragginn á melnum handan við Álafossveginn var í eigu Reykjalundar. Ljósmynd: Kristbjörn Egilsson, ágúst 1969.

Kristbjörn Egilsson og Fluga raka saman heyi á Varmártúni. Handan trjáræktar er Varmá með stíflu og litlu lóni þar sem vatnsinntakið í Álafossverksmiðjuna var.

Meltúnsbærinn í fyrstu snjóum í október 1964.

MELTÚNSHJÓNIN

Ég var tvö sumur í Meltúni og dvaldi þar í bæði skiptin frá miðjum júní til ágústloka. Í Meltúni bjuggu Sigríður Þormóðsdóttir (55 ára) og Eiríkur E. F. Guðmundsson (55 ára) ásamt uppeldissyninum Sigmari Péturssyni (11 ára).

Sigríður var Borgfirðingur, fædd í Langholti, en alin upp á hinni fornu klausturjörð Bæ sem foreldrar hennar keyptu og bjuggu á mestan sinn búskap. Systkinin í Bæ urðu fjórtán og ellefu náðu fullorðinsaldri. Eiríkur var Vestfirðingur, fæddur í Botni í Súgandafirði og ólst þar upp. Systkinin urðu tíu. Eiríkur fór í Alþýðuskólann á Hvítárbakka þegar hann stóð á tvítugu og þar kynntist hann Sigríði, einni af heimasætunum í Bæ.

Berklarnir gera vart við sig

Þau giftust árið 1932 fyrir vestan. Hinn mikli vágestur berklarnir sem tröllreið íslensku samfélagi á þessum árum tróð sér inn í líf ungu hjónanna, bæði veiktust af berklum og lágu á sjúkrahúsinu á Ísafirði. Veikindin voru langvinn og meðan Eiríkur lá á Vífilsstöðum fór Sigríður til móðursystur sinnar, Ingunnar Guðbrandsdóttur og Helga Finnbogasonar á Reykjahvoli. Þar með má segja að örlög þeirra væru ráðin hvað varðaði búsetu. Mosfellssveit varð þeirra sveit.

Þegar Eiríkur náði betri heilsu hóf hann vinnu hjá ullarverksmiðjunni á Álafossi og vann einnig á stórbýlunum Korpúlfsstöðum og Lágafelli, og svo í lausamennsku. Á þessum árum eignuðust Sigríður og Eiríkur lítið hús í landi Reykjahvols sem þau kölluðu Hverabakka og bjuggu þar í átta ár.

HJÓNIN SIGRÍÐUR OG EIRÍKUR

Húsið reist á mel sem áður hýsti braggabyggð

Eftir stríðið gekkst hreppsnefnd Mosfellshrepps fyrir því að stofna til nýbýla á hreppsjörðum, einkum í landi Lágafells og Varmár. Eiríkur og Sigríður fengu land á Jónsteigi sem er á austurmörkum Varmárlandsins, nánar tiltekið á melnum sunnan við Álafossverksmiðjuna.

Árið 1947 stofna þau nýbýlið Meltún, flytja Hverabakkahúsið með sér, stækka það og endurbæta, byggja útihús og rækta upp melana sem bærinn heitir eftir. Samkvæmt leigusamningi við Mosfellshrepp frá árinu 1950 var Meltúnslandið 5,1 ha. Árið 1957 bættust við 2,2 ha. Jörðin var því alls 7,3 ha.

Sigríður og Eiríkur höfðu búið í Meltúni í 38 ár þegar Eiríkur lést árið 1985. Eftir það bjó Sigríður þar ein uns hún fluttist á Hlaðhamra í Mosfellsbæ árið 1988.

Meltún var reist á mel sem hafði verið nýttur fyrir braggabyggð hernámsliðs. Ábúendur græddu upp melinn og breyttu í gjöful tún og beitiland. Nú hafa bæjarhúsin verið rifin og túnin byggð nýrri kynslóð húsa.

Stóri plokkdagurinn er á laugardaginn

Mosfellsbær tekur þátt í Stóra plokkdeginum laugardaginn 24. apríl. Með þátttökunni vill Mosfellsbær taka virkan þátt í þessu metnaðarfulla umhverfisátaki sem fer fram undir merkjum félagsskaparins Plokk á Íslandi. Mosfellsbær hvetur íbúa og starfsfólk fyrirtækja í Mosfellsbæ til að taka virkan þátt í deginum og plokka rusl í sínum hverfum og á opnum svæðum. Íbúar geta nálgast ruslapoka fyrir plokkið á Upplýsingatorgi Mosfellsbæjar í Kjarna, fyrir framan bókasafnið, á laugardaginn. Á grenndargámastöðvum við Dælustöðvarveg, Langatanga, Bogatanga og Skeiðholt er að finna gáma fyrir flokkað rusl, plast og gler, auk þess sem endurvinnslustöð Sorpu við Blíðubakka er opin alla helgina.

Þurrkaðir blómvendir

í mörgum stærðum og gerðum

Blandaðir vendir

KR. 3.900,-

LÓA

KR. 8.900,-

RJÚPA

KR. 12.900,-

STILKUR.IS

20% kynningarafsláttur út maí

Afsláttarkóði - MOS21

STILKUR

ÞURRKUÐ BLÓM & SKREYTINGAR

FLJÚGANDI

FJÖLSKYLDUTILBOÐ

EINFALT OG ÞÆGILEGT

TILBOÐ EITT

8 stk. Rotissier kjúklingabitar, miðstærð frönskum, hrásalat og heit kjúklingasósa.

Tilboðsverð:

3.990 kr.

TILBOÐ TVÖ

3 Rotissier kjúklingabitar, lítill af frönskum, hrásalat og heit kjúklingasósa.

Tilboðsverð:

1.990 kr.

KRÓNUNNI LINDUM

ROTISSERIE

ELDGRILLAÐUR KJÚKLINGUR

KRÓNUNNI MOSÓ

Amalía Ósk á Evrópumeistaramóti



Amalía Ósk Sigurðardóttir (f. 1997) úr Lyftingafélagi Mosfellsbæjar tók þátt í fyrsta sinn á Evrópumeistaramóti þann 6. apríl. Hún keppti í 64 kg flokki og náði þar 235,3 Sinclair-stigum með 79 kg í snörun, 100 kg í jafnhendingu og 179 kg í samanlögðu og lenti í 17. sæti.

Amalía er ein af fremstu lyftingakonum landins með 235,97 Sinclair-stig undir sínu belti sem hún tók á Haustmóti LSÍ 2020. Amalía meiddist í úlnlið í vetur og talaði um að hún hefði átt erfitt með snörun eftir meiðslin en þó var árangurinn á EM hennar næstbesti á móti hársbreidd frá hennar besta.

Amalía sigraði líka í 64 kg flokki á Íslandsmótinu í Mosfellsbæ á dögunum.



Mosfellsbær

Deiliskipulagsbreyting við Silungatjörn L125175

Mosfellsbær auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Silungatjörn í landi Miðdals, frístundabyggð 513-F, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



Um er að ræða breytingu þar sem að afmörkun eldra skipulags er stækkuð fyrir lóð L125175. Heimilt verður að byggja stakt frístundahús á landinu í samræmi við gildandi aðalskipulag Mosfellsbæjar. Byggingarheimildir fylgja aðalskipulagi. Aðkoma er um norðanvert vatnið og liggur nýr vegur að lóð í landi Miðdals.

Tillagan verður aðgengileg á vef Mosfellsbæjar, **mos.is/skipulagsauglysingar,** og á Upplýsingatorgi, Þverholti 2, svo þeir sem vilja geta kynnt sér hana og gert athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar, ásamt helstu upplýsingum um sendanda, og merktar skipulagsnefnd Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ. Einnig má senda athugasemdir í tölvupósti á **skipulag@mos.is.**

Athugasemdafrestur er frá 22. apríl 2021 til og með 8. júní 2021.

Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is

Cooper Zeon 4XS Sport
- Henta undir fjórhjóladrifna jeppann þinn
- Mjúk og hljóðlát í akstri
- Veita góða aksturseiginleika og gott grip á þurrum og blautum vegi

Cooper Zeon CS8
- Afburða veggrip og stutt hemlunarvegarlengd
- Einstaklega orkusparandi
- Hljóðlát með góða vatnslosun

Cooper AT3 4s
- Frábær alhliða heilsársdekk sem virka vel á vegum og vegleysum
- Hljóðlát og mjúk í akstri

Notaðu N1 kortið

Hjólbarðaþjónusta N1

Bíldshöfða	440-1318	Langatanga Mosfellsbæ	440-1378
Fellsmúla	440-1322	Reykjavíkurvegi Hafnarfirði	440-1374
Réttarhálsi	440-1326	Grænásbraut Reykjanesbæ	440-1372
Ægisíðu	440-1320	Dalbraut Akranesi	440-1394
		Réttarhvammi Akureyri	440-1433

N1 Vefverslun
Skoðaðu úrvalið og skráðu þitt fyrirtæki

Opið mánudaga til föstudaga kl. 8-18
Laugardaga kl. 9-13

N1 ALLA LEIÐ

SHAKE&PIZZA GÓÐAN DAGINN

OPIÐ : MÁN - FÖS: 17-21 / LAU & SUN: 11:30-21

TILBOÐ MÁNAÐARINS

PIZZA MÁNAÐARINS

GÍSLI Á UPPSÖLUM

MÍT END TJÍS

Pepperoni, beikon, rjómaostur, piparostur og svartur pipar. Pizzasósan okkar og Shake&Pizza ostablandan.

1.990 KR.

HEIMTÖKUTILBOÐ SHAKE&PIZZA

EIN, TVÆR OG FRÍ PIZZA EF ÞÚ SÆKIR

3 FYRIR 2 AF ÖLLUM PIZZUM AF MATSEÐLI

– BORGAR EKKI FYRIR ÓDÝRUSTU PIZZUNA

Pantaðu á **shakepizza.is** eða í síma **5 17 18 19**

EINN, TVEIR OG FRÍR SHAKE EF ÞÚ SÆKIR

3 FYRIR 2 AF ÖLLUM SHAKE-UM AF MATSEÐLI

GILDIR EKKI AF ÁFENGUM SHAKE-UM

EIN PIZZA & SVO ÖNNUR Á 1.000 KR.

KAUPIR PIZZU AF MATSEÐLI OG BÆTIR VIÐ ANNARRI Á 1.000 KR. – BORGAR FYRIR DÝRARI PIZZUNA

shakepizza.is

shake&pizza

#shakeandpizza

ALLT GALOPIÐ HJÁ OKKUR.
VIÐ SPILUM Á ANNARRI HVORRI BRAUT

ALLTAF OPIÐ HJÁ OKKUR - AÐLÖGUM OKKUR AÐ TAKMÖRKUNUM
FYLGSTU MEÐ OKKUR Á FACEBOOK.COM/KEILUHOLLIN

Keiluhöllin EGILSHÖLL

keiluhollin.is s. 5 11 53 00

Kortasjá – skoðaðu bæinn þinn úr lofti

Kortasjá Mosfellsbæjar er stútfull af hagnýtum og skemmtilegum upplýsingum fyrir íbúa Mosfellsbæjar og er í stöðugri uppfærslu og þróun. Tengil á kortavef má finna á vefsíðu bæjarins, www.mos.is og á vefnum www.map.is/moso. Í kortasjánni er hægt að skoða loftmynd og kort af öllu sveitarfélaginu, hvort sem er þéttbýli, dreifbýli eða óbyggðu landi. Ýmsar fasteignaupplýsingar eru þar aðgengilegar eins og lóðaupplýsingar og þeir uppdrættir og teikningar sem fara í gegnum embætti byggingarfulltrúa. Í kortasjánni finnur þú upplýsingar um: • Skipulagsmál sveitarfélagsins, bæði aðalskipulag og deiliskipulag einstakra svæða, ásamt uppdráttum • Allar veitur sveitarfélagsins þar sem fram kemur skipulag vatnsveitu, hita- og fráveitu ásamt lagnaleiðum • Göngu- og hjólreiðastíga í bænum og stikaðar gönguleiðir á fellin í útjaðri bæjarins • Hjólateljara á samgöngustígnum milli Mosfellsbæjar og Reykjavíkur • Forgangsröðun í snjómokstri og hálkueyðingu • Grunnþjónustu bæjarins eins og staðsetningu skóla, stofnana, leikvalla, sundlauga og aðra áhugaverða staði.

Allt að 3 mánaða skammtur í glasi.

Glucosamine & Chondroitin Complex

Í þínu liði fyrir þína liðheilsu!

Dagsskammtur inniheldur 1000 mg af glúkósamíni og 200 mg af kondrótíni ásamt engifer, túrmerik, C-vítamíni og rósaldin.

C -vítamín stuðlar að eðlilegri myndun kollagens fyrir eðlilega starfsemi brjósks.

„Ég lenti í bílslysi og fann til í öllum líkamanum, það komu dagar sem voru rosalega erfiðir þangað til ég kynntist Glucosamine og Chondroitin frá Natures aid, ég er töluvert betri og ég gæti ekki mælt meira með þessu liðbætiefni.“ ***Petra Breiðfjörð***

Útsölustaðir: Apótek, heilsuverslanir og heilsuhillur stórmarkaðanna.

ÉG GEF MÉR TÍMA FYRIR ÞIG!

- fagleg og persónuleg þjónusta

HRINGDU Í 897-1533

BORG
FASTEIGNASALA

Davíð Ólafsson lög. fast.
david@fastborg.is

MOSFELLSBÆR

Laus störf í Mosfellsbæ

Mosfellsbær hefur tekið í gagnið nýjan ráðningarvef.

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum má sjá og sækja um á nýjum ráðningarvef:

www.mos.is/storf

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

Gleðilegt sumar!

LOPI

Vinsæla værðarvoðin Blóm aftur fáanleg á Lopidraumur.is

Frí heimsending innanlands

Íslensk ull
Gæðamerki

FRÁBÆR ÞÁTTTAKA Í HUGMYNDASÖFNUN

Við þökkum góðar undirtektir bæjarbúa við hugmyndasöfnunina. Alls bárust 140 tillögur og hafa aldrei fleiri hugmyndir borist og úrvinnsla stendur nú yfir. Rafræn kosning um verkefni til framkvæmda hefst 31. maí og stendur til 6. júní.

Þar geta allir íbúar Mosfellsbæjar 15 ára og eldri tekið þátt. Íbúar eru hvattir til að kynna sér hugmyndirnar, ræða þær og gefa hjörtu á góðar hugmyndir fram að kosningu á **mos.is/okkarmoso**

OKKAR MOSÓ
ÍBÚAKOSNING 2021

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Mosfellsbær

GLEÐILEGT SUMAR

OPIÐ 11:30-22:00

60 GESTIR Í SAL

HÆGT ER AÐ PANTA BORÐ Í SÍMA 456-4040

LIFAND
Á LAUG
SVENNI Þ

KVÖLDTVENNA
2 BÁTAR

+ 2 COKE
+ 2 SNICKERSMÝS

3.995 KR.

FRÁ KL. 17.00 ALLA DAGA

LUXARDO

Ferskir sumar kokteilar

I TÓNLIST
ARDAGINN
ÓR KL. 20-22

LIMONCELLO SPRITZ
APERITIVO SPRITZ
1.695 KR.

BARION BÖRGER

175 GR. NAUTAKJÖT, KÁL, RAUÐ LAUKUR, OSTUR, BEIKON, BBQ-MAJÓ, STERKT HUNANG.

HAMBORGARARNIR OKKAR HAFA SLEGIÐ RÆKILEGA Í GEGN ENDA HEIL 175 GRÖMM AF HAMINGJU

ÞVERHOLTI I | 270 MOSFELLSBÆ | SÍMI 456 4040 | WWW.BARION.IS

BARION MATBAR

Um sóttvarnarreglur á safni

Reglur um sóttvarnir breytast ört þessa dagana og er því ekki vanþörf á að fara yfir þær reglur sem nú gilda í Bókasafni Mosfellsbæjar.

Að hámarki mega 20 manns vera inni í safninu hverju sinni. Starfsfólk er talið með en ekki börn á leikskólaaldri. Gestir safnsins eru hvattir til að sinna sínum erindum fljótt og markvisst svo allir komist að. Ekki er í boði að læra í safninu, kaffivélinni hefur verið lokað og ekki er hægt að setjast niður í tímarita- eða barnahorninu.

Grímuskylda á ekki við um börn sem fædd eru 2005 og síðar. Hægt er að biðja um ákveðin safngögn á vefsíðunni leitir.is (upplýsingar um ferlið eru á bokmos.is), með því að hringja eða senda tölvupóst. Umbeðin safngögn bíða svo fullafgreidd í merktum poka fyrir utan safnið.

Eitthvað er um að þessar sóttvarnarreglur hafi farið í taugarnar á gestum en við skulum muna að með því að hlíta þeim getum við haft safnið okkar opið og starfandi á þessum óvissutímum.

Listasalur Mosfellsbæjar

Mjólkurhvít fjöll

Föstudaginn 23. apríl hefst ný sýning í Listasal Mosfellsbæjar. Listamaðurinn er Helgi Skj. Friðjónsson og sýningin kallast Fjallamjólk. Viðfangsefni sýningarinnar eru mjólkurhvít íslensk fjöll.

Listamaðurinn vinnur í mörgum miðlum og eru verkin sem hann sýnir nú unnin í tölvu. Sjálfur lýsir Helgi ferlinu svona: „Staf-rænan spilar vissulega stóra rullu í myndunum á þessari sýningu, en þær eru engu að síður stef við íslensku landslagsmálunarhefðina sem er samofin listvitund minni allt frá æsku.“

Ekki verður haldin sérstök opnun vegna Covid-19 og grímuskylda er við lýði. Síðasti sýningardagur er 21. maí.

Bókasafn Mosfellsbæjar er á Facebook

facebook.com/bokmos

MATJURTAGARÐAR

Opnað fyrir umsóknir um matjurtagarða í Mosfellsbæ 3. maí

Matjurtagarðar bæjarins verða staðsettir austan við Varmárskóla þar sem gömlu skólagarðarnir hafa verið. Aðkoma að görðunum verður að norðanverðu frá tjaldsvæðinu við eldri deild Varmárskóla.
Aðgengi að vatni og kaffiskúr verður við garðana.

Staðsetningu garða og fyrirkomulag má sjá á meðfylgjandi korti.

Leiguverð fyrir matjurtagarða er óbreytt, eða 2.500 kr. fyrir 50 fm garð.

Tekið er við umsóknum á netfangið tjonustustod@mos.is

Garðar verða tilbúnir til notkunar föstudaginn 14. maí nk.

Einnig eiga íbúar í Mosfellsbæ möguleika á að fá leigða matjurtagarða á vegum Reykjavíkurborgar í Skammadal. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar sér um útleiguna og geta áhugasamir sett sig í samband við Þóru Jónasdóttur umsjónarmann matjurtagarða í Reykjavík í síma 411 1111, eða í netfangið matjurtagardar@reykjavik.is, og látið skrá sig á lista með ósk um garð. Taka þarf fram að viðkomandi sé íbúi í Mosfellsbæ.

Umhverfissvið Mosfellsbæjar

MOSFELLSBÆR

TRÍÓ

MÁNAÐARINS

→ EIN STÓR PIZZA ←

1.840 KR.

AÐEINS EF ÞÚ PANTAR Á NETINU EÐA MEÐ APPINU, GREIÐIR FYRIR FRAM OG SÆKIR

PANTAÐ Á NETINU EÐA MEÐ APPINU OG GREITT FYRIR FRAM

STÓR -PIZZA-

3

ÞRJÁR PIZZUR AF MATSEÐLI Á SJÓÐHEITU TILBOÐSVERÐI Í HVERJUM MÁNUÐI

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP

María Marta Sigurðardóttir *athafnakona og fagurkeri segir þurrblóm og lituð strá vera mikið í tísku í dag*

Ég vil hafa fallegt í kringum mig

Það var vel tekið á móti mér á fallegu heimili athafnakonunnar og fagurkerans Maríu Mörtu Sigurðardóttur í Helgafellshverfinu. Við fengum okkur sæti í betri stofunni og María bauð upp á kaffi og ljúffenga ostaköku.

María hefur starfað við innflutning á ýmiss konar varningi í gegnum tíðina en nú er hún að flytja inn falleg þurrblóm og strá í hinum ýmsu litum og gerðum. Hún segir þurrskreytingar mikið í tísku í dag bæði fyrir fyrirtæki og heimili.

María Marta er fædd í Reykjavík 3. október 1964. Foreldrar hennar eru þau María Matthíasdóttir og Sigurður Jónsson en hann lést árið 2003.

Systkini Maríu eru Sigurlína Guðfríður, Jón og Sigríður Hrönn og samfeðra eru þau Valdimar og Hjördís.

Afi sagði mér sögur úr sveitinni

„Ég ólst upp í Vesturbænum en bjó einnig við Nesveg á Seltjarnarnesi, á báðum þessum stöðum var gott að búa. Við mamma fórum oft til trillukarlanna við Ægisíðuna til að kaupa rauðmaga og svo var komið við í mjólkurbúðinni á leiðinni heim.

Ég var lánsöm því á æskuheimili mínu bjó föðurafi minn, ég á margar dýrmætar minningar úr æsku tengdar honum. Afi kenndi mér bænir og vísur og sagði mér sögur úr sveitinni, hann lést þegar ég var 16 ára.“

Alin upp á kristnu heimili

„Ég er alin upp á kristnu heimili, foreldrar mínir voru bæði með kristilegan bakgrunn úr æsku. Borðbænir voru hafðar fyrir máltíðir og sunnudagsmaturinn var vanalega í hádeginu. Heima í stofu var svo lítill sunnudagaskóli fyrir okkur systkinin.

Ég byrjaði skólagöngu mína í Mýrarhúsaskóla og fór síðan í Melaskólann. Tók stúdentspróf frá Kvennaskólanum og fór síðan til Kenýa og var þar í þrjá mánuði hjá systur minni og fjölskyldu sem voru þar sem kristniboðar.

Þegar ég kom heim fór ég að starfa hjá lyfjainnflutningsfyrirtæki í Garðabæ.“

Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURINN
ruth@mosfellingur.is

Flutti úr foreldrahúsum

„Árið 1986 fór ég á árshátíð KFUM og K, þar kynntist ég yndislegum manni, Ásgeiri Markúsi Jónssyni, sem síðar varð eiginmaður minn, faðir barna minna og besti vinur. Ásgeir var búsettur í Mosfellsbæ, var ekkill, átti tvö börn og starfaði sem flugvélstjóri hjá Flugleiðum.

Árið 1987 flutti ég úr foreldrahúsum í Bugðutangann og þar bjuggum við Ásgeir okkur heimili til 28 ára. Ég tengdist yngra barni Ásgeirs, Gerði Rós, sterkum böndum enda áttum við sama heimili.“

Aldursmunurinn truflaði okkur aldrei

„Við Ásgeir giftum okkur 1987 og þrátt fyrir 21 árs aldursmun þá truflaði hann okkur aldrei, það var einstök ást á milli okkar sem óx með degi hverjum.

Það sem skipti okkur mestu máli í lífinu voru börnin okkar og þeirra farsæld en við eignuðumst þrjú börn. Davíð f. 1988 starfar í Dalsgarði í Mosfellsdal, Rakel f. 1990 er flugfreyja og förðunarfræðingur og Samúel f. 1996 starfar hjá Bakka í Mosfellsbæ og er nemi í Tækniskólanum. Þau voru öll á leikskólanum Hlaðhömrum og í Varmárskóla og ég verð ævinlega þakklát fyrir hversu vel var haldið utan um þau af einstaklega góðu starfsfólki á báðum þessum stöðum en eitt barna okkar þurfti meiri þjónustu en venjan er.

Ásgeir hóf störf hjá Cargolux 1989 og þá hófst tímabil í lífi okkar þar sem hann var mikið fjarverandi. Í Lúxemborg áttum við okkar annað heimili og við tengdumst borginni fljótt.

Vorið 2003 keyptum við okkur sumarbústaðaland við Hafravatn og byrjuðum á að setja niður tré og gera fínt í kringum okkur. Við keyptum síðan hús frá Danmörku og skiptum því út fyrir gamla bústaðinn. Sæluvíkin okkar eins og hún heitir er griðastaður og er uppfull af góðum minningum.“

Hann fól Drottni þetta verkefni

„Í maí 2008 hófst erfitt tímabil í lífi okkar þar sem Ásgeir greindist með krabbamein. Við tóku aðgerðir og lyfjameðferðir en við litum á þetta sem okkar sameiginlega verkefni eins og allt annað. Ásgeir sýndi einstakt æðruleysi í veikindum sínum og fól Drottni þetta verkefni eins og öll önnur í lífinu.

Hann lést 2015 og höggið var gríðarlegt og sorgin og söknuðurinn óbærilegur. Eftir stóð ég ung ekkja með börnin þrjú en það sem hjálpaði mér mest var hvað við hjónin höfðum talað mikið saman og ákveðið margt áður en hann lést.

Ég fékk einstakan kraft til þess að takast á við framhaldið og ákvað að standa upprétt gagnvart börnunum mínum og tengdabörnum. Við vorum umvafin fjölskyldu og vinum sem studdu okkur.

Með hækkandi sól kom inn í líf mitt ömmuprinsessa, Sigurbjörg María, sem hefur veitt mér mikla gleði. Ég hef líka verið lánsöm með börnin mín því þau hafa staðið þétt við bakið á mömmu sinni, bæði í gleði og sorg.“

Fjölskyldan í Bugðutanganum, Samúel, Ásgeir, Rakel, María Marta og Davíð.

> ***Ég fékk einstakan kraft til þess að takast á við framhaldið og ákvað að standa upprétt gagnvart börnunum mínum og tengdabörnum.***

Gekk í gegnum sömu lífsreynslu

„Þótt áföllin í lífi mínu hafi verið mörg þá hef ég líka upplifað mikla gleði og hamingju. Haustið 2015 kynntist ég góðum manni, Tryggva Þorsteinssyni sölustjóra, sem er ástin mín og kletturinn í lífi mínu. Á árum áður vissum við af hvort öðru í gegnum dætur okkar sem spiluðu saman knattspyrnu með Aftureldingu.

Tryggvi gekk í gegnum sömu lífsreynslu og ég en hann missti maka sinn, Jóhönnu Gunnlaugsdóttur, úr krabbameini. Hana þekkti ég og hún var vel gerð kona. Tryggvi og Jóhanna eignuðust eina dóttur, Kristínu.“

Útbjuggum myndavegg á heimilinu

„Við Tryggvi ákváðum að fara ekki hratt út í hlutina barnanna vegna og eins þurftum við tíma til að vinna úr sorginni. Við höfum staðið við hlið hvors annars og hjálpast að við að halda minningu Ásgeirs og Jóhönnu á lofti. Fyrir jólin útbjuggum við myndavegg á heimili okkar þar sem þau eru í miðjunni og út frá þeim koma myndir af okkur og börnunum okkar.

Við eigum saman vel gerðan og skemmtilegan hóp af glæsilegu ungu fólki sem eru börnin okkar, tengdabörnin Einar, Lovísa og Guðmundur og tvær dásamlegar ömmu- og afaprinsessur, þennan hóp köllum við söfnuðinn.“

Hef alltaf haft áhuga á blómum

„Ég starfaði sem ritari í Lágafellsskóla í nokkur ár og svo hef ég lengi starfað við ýmiss konar innfluting. Núna er ég að flytja inn þurrblóm og strá í mörgum litum og stærðum. Þessar vörur eru mikið í tísku í dag bæði fyrir fyrirtæki og heimili. Ég hef einnig verið að gera samúðargjafir, skreyti trékrossa, geri vendi og leiðisskreytingar.

Ég hef mikla ánægju af að skreyta heimili mitt og vil hafa fallegt í kringum mig. Ég hef haft áhuga á blómum allt mitt líf og hef sótt nám í tengslum við þau. Ætli áhugi minn á þeim og að raða saman litum sé ekki hugmyndin að þessu öllu saman.

Ég vona að Mosfellingar taki mér vel og komi og skoði úrvalið hjá mér en hægt er að hafa samband við mig á stilkur.is. Ég kem til með að vera með sérstakt tilboð fyrir Mosfellinga út maí,“ segir María og brosir um leið og við kveðjumst.

HIN HLIÐIN

Hvaða bók lastu síðast? Dag í senn, Karl Sigurbjörnsson, lesning fyrir hvern dag.

Hvaða litur lýsir þér best? Rauður.

Draumaborgin? Lúxemborg, Köln og San Francisco.

Hvað heillar þig í fari fólks? Glaðlyndi, hlýleiki, heiðarleiki.

Bestu kaup sem þú hefur gert? Sælureiturinn, Sæluvíkin mín við Hafravatn.

Hverju myndir þú breyta á Íslandi ef þú ættir þess kost? Fátækt og að útigangsfólk hverfi af Íslandinu góða.

Hvað skiptir þig mestu máli í lífinu? Börnin mín, maðurinn minn, heilsan mín.

Skrítnasta upplifunin? Þegar ég var ófrísk á leið til útlanda og vegabréfið gleymdist heima. Ég hringdi í nágranna mína sem brutust inn hjá mér, fundu vegabréfið og keyrðu svo með það til mín á ólöglegum hraða til Keflavíkur. Vélin beið aðeins eftir mér og ég komst með.

MARÍA 4 ÁRA



MARÍA MARTA OG TRYGGVI

FJÖLSKYLDAN UM ÁRAMÓTIN 2020

Myndir: Ruth Örnólfsdóttir og úr einkasafni.

Varmárlaug

Róleg og notaleg sveitalaug í heillandi umhverfi

HEITIR SUNNUDAGAR

2. maí | 9. maí | 16. maí | 23. maí | 30. maí

Alla sunnudaga í maí býður sundlaugin að Varmá upp á heita sunnudaga.
Þá er hitastig sundlaugarinnar hækkað í 34-36°.

Tilvalið fyrir þá sem vilja slaka á í notalegu umhverfi,
einnig upplagt fyrir barnafjölskyldur að njóta samvista í sundi

VARMÁRLAUG

Opið virka daga kl.06:30 - 08:00 & 15:00 - 21:00
Laugardaga kl.08:00 - 17:00
Sunnudaga kl.08:00 - 16:00

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Mosfellsbær
vellíðan fyrir alla

MOSFELLSBÆR

Vellíðan og frelsi í heitri laug

Fyrsta og þriðja sunnudag í mánuði býður Ágústa Hjaltadóttir upp á flotviðburði fyrir konur í Varmárlaug.

Skráning fer fram á netfanginu agusta@heilogsael.is
Nánari upplýsingar um viðburðina er að finna á Facebook undir heitinu **„Heil og sæl"**

Öflugur sóknarmaður kominn á heimaslóðir • Spilað 68 leiki í Pepsi • „Held ég eigi eftir að smellpassa inn í þetta“

Arnór Gauti til liðs við Aftureldingu

ARNÓR GAUTI ÁSAMT ÞJÁLFURUNUM MAGNÚSI MÁ OG ENESI COGIC

Mynd/RaggiÓla

Afturelding hefur fengið sóknarmanninn öfluga Arnór Gauta Ragnarsson til liðs við sig fyrir átökin í Lengjudeildinni í fótbolta í sumar.

Arnór Gauti er að snúa aftur á heimaslóðir í Mosfellsbæ en hann kemur á lánssamningi frá Fylki. Arnór Gauti er 24 ára gamall og hefur spilað 68 leiki í Pepsi Max-deildinni á ferli sínum með Breiðabliki, ÍBV og Fylki.

„Það hefur verið uppgangur hjá Aftureldingu síðustu ár. Það er margt nýtt og mjög spennandi tímar fram undan. Liðið spilar virkilega skemmtilegan fótbolta og ég held að ég eigi eftir að smellpassa inn í þetta,“ sagði Arnór Gauti eftir að hafa skrifað undir hjá Aftureldingu.

Hjálpar okkur mikið í baráttunni í sumar

Magnús Már Einarsson þjálfari Aftureldingar fagnar komu Arnórs Gauta. „Við höfum lengi viljað fá Arnór Gauta aftur í rauðu treyjuna og nú loksins er það orðið að veruleika. Það er mikið fagnaðarefni að góðir leikmenn úr Mosfellsbæ hafi trú á því sem við erum að gera og vilji koma aftur á heimaslóðir og taka þátt í því. Ég er ekki í vafa um að Arnór Gauti á eftir að hjálpa okkur mikið í baráttunni í sumar.“

Það styttist í að fótboltasumarið hefjist en fyrsti leikur Aftureldingar er gegn Kórdrengjum á Fagverksvellinum við Varmá föstudagskvöldið 7. maí næstkomandi.

Valdís Þóra í þjálfarateymi GM

Valdís Þóra Jónsdóttir hefur skrifað undir samning við Golfklúbb Mosfellsbæjar um að vera hluti af þjálfarateymi GM.

Valdísi þarf vart að kynna fyrir íslenskum kylfingum þar sem hún hefur verið í allra fremstu röð íslenskra kylfinga undanfarin ár. Hún hefur verið með keppnisrétt á sterkustu mótaröð Evrópu í atvinnugolfi kvenna, LET Evrópumótaröðinni. Hún hefur þrívegis sigrað á Íslandsmótinu í golfi (2009, 2012 og 2017) og árið 2010 varð hún Íslandsmeistari í holukeppni.

Sérstök áhersla á stelpuflokkana

Valdís Þóra var fyrsti atvinnukylfingurinn frá Íslandi sem náði að komast inn á Opna bandaríska meistaramótið – en það gerði hún árið 2017.

Valdís tók þá ákvörðun nýverið að setja keppniskylfurnar á hilluna og einbeita sér að þjálfun og kennslu í golfi. Er það mikið fagnaðarefni fyrir GM félaga að fá hana í sínar raðir. Valdís mun leggja sérstaka

VALDÍS ÞÓRA JÓNSDÓTTIR

áherslu á þjálfun í stelpuflokkum og er það von GM að þetta muni efla það starf enn frekar. „Þarna fá okkar ungu og efnilegu stelpur frábæran þjálfara og ekki síst góða fyrirmynd til þess að aðstoða sig við að ná framförum í íþróttinni.“

Árni Bragi kominn aftur suður

ÁRNI BRAGI EYJÓLFSSON

Handknattleiksmaðurinn Árni Bragi Eyjólfsson mun leika með Aftureldingu á ný á næsta keppnistímabili eftir árs dvöl hjá KA.

Árni gerir þriggja ára samning við Aftureldingu.

Árni er uppalinn Akureyringur en gekk í raðir Aftureldingar þegar hann fluttist búferlum með foreldrum sínum og hóf meistaraflokksferilinn með Aftureldingu. Var hann í mörg ár einn marksæknasti leikmaður liðsins og ætti að styrkja lið Aftureldingar verulega.

AÐALFUNDUR AFTURELDINGAR

Aðalfundur Aftureldingar 2021 fer fram í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ, FMOS, fimmtudaginn 29. apríl kl. 18 ef aðstæður leyfa.

Dagskrá aðalfundarins er:

1. Fundarsetning
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Ársskýrsla formanns
4. Ársreikningur 2020
5. Fjárhagsáætlun aðalstjórnar 2021
6. Heiðursviðurkenningar
7. Kosningar:
a) Kosning formanns
b) Kosning tveggja stjórnarmanna og eins varamanns
c) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga aðalstjórnar
d) Kosning eins skoðunarmanns reikninga deilda
8. Önnur mál og ávarp gesta
9. Fundarslit

Við hvetjum félagsmenn til að fjölmenna og taka þátt í að gera gott félag enn betra.

AFTURELDINGAR VÖRURNAR FÁST HJÁ OKKUR
JAKO SPORT ÍSLANDI
NAMO EHF. - SMIÐJUVEGI 74 (GUL GATA) - 200 KÓPAVOGI
Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is

Sumar

NAMSKEIÐ

FYRIR BÖRN OG UNGLINGA

Bókasafn Mosfellsbæjar - *Ritsmiðja fyrir 10-12 ára 14.-16. júní*
Bókasafn Mosfellsbæjar - *Sumarlestur 27. maí - 20. ágúst*
Golf- og leikjanámskeið GM
Leikgleði - *Námskeið fyrir 6-16 ára hjá Leikfélagi Mosfellssveitar*
Myndlistarskóli Mosfellsbæjar - *Sumarnámskeið fyrir 6-11 ára*
Reiðskóli Hestamenntar
Sumarnámskeið Lágafellskirkju *fyrir 6-9 ára krakka*
Sundnámskeið *Kobba krókódíls og Hönnu hafmeyju*
Ævintýranámskeið Mosverja

Öflugt sumarstarf verður í ár en fjöldi námskeiða hefur aldrei verið meiri. Eftirfarandi deildir verða með námskeið:

Frjálsíþrótta- og sunddeild Aftureldingar *sameinast í heilsdagsnámskeið*
Knattspyrnuskóli *Aftureldingar heldur sitt árlega námskeið*
Handboltadeild *Aftureldingar verður með fleiri námskeið en undanfarin ár*
Fimleikadeildin *býður upp á fjölbreytt námskeið, heilan og/eða hálfan dag*
Körfuknattleiksdeild *Aftureldingar heldur sitt árlega námskeið*

Nú er sumarið að nálgast og að vanda er fjölbreytt frístundastarf í boði fyrir börn og unglinga í Mosfellsbæ.

Nánari upplýsingar um námskeiðin verður að finna á www.mos.is/sumarfrístund

Allir þeir sem vilja koma á framfæri upplýsingum um námskeið fyrir börn og unglinga geta sent upplýsingar á netfangið dana@mos.is

MOSFELLSBÆR

Hey þú, hættu að skemma og eyðileggja!

Skemmdarverk og eyðilegging er alltaf leiðinleg og það fara mjög miklir peningar á hverju ári í viðgerðir eftir þessi ömurlegu skemmdarverk.

Nýjasta afleiðingin af skemmdaverkum í Mosó, okkar frábærar bæjarfélagi, er nú sú að búið er að loka Kósí Kjarna sem var mjög flottur og naut mikilla vinsælda.

Húsgögn og annað sem var búið að setja þarna upp hefur ítrekað verið eyðilagt og því þurfti að fjarlægja þetta flotta umhverfi, sem var ein af frábærum hugmyndum úr Okkar Mosó.

Því miður hefur margt annað verið skemmt í Mosó. Síðasta sumar var t.d skorið á nýja ærslabelginn okkar í Ævintýragarðinum sem var mjög dýrt að að gera við, glerstrætóskýlið í Háholti hefur verið brotið og bramlað ítrekað og mörg fleiri dæmi má nefna þar sem framin hafa verið skemmdarverk sem kosta Mosfellsbæ margar milljónir á ári.

Það er alveg glatað að þetta sé staðan í okkar flotta bæ og við getum og viljum fækka þessum skemmdum og þeim kostnaði sem þeim fylgir.

Hættið þessu rugli

Þið sem eruð að gera þetta, eruð þið ekki til í að hugsa aðeins um hvað þetta er glötuð hegðun og hvaða leiðindi þetta hefur í för með sér? Nýtið endilega tímann ykkar í eitthvað annað uppbyggilegra og skemmtilegra.

Þessar skemmdir sem þið valdið kosta margar milljónir á ári, milljónir sem við viljum og ættum að nota í að gera bæinn okkar skemmtilegri og flottari. Til dæmis að framkvæma fleiri geggjaðar tillögur úr Okkar Mosó, auk þess sem við gætum notað peningana í alls konar nýjar og skemmtilegar framkvæmdir fyrir alla aldurshópa í bænum okkar.

Hvað getum við gert?

Við Mosfellingar erum þekktir fyrir að geta gert nánast hvað sem er og nú tökum við höndum saman og förum í herferð til að útrýma þessu rugli í bænum okkar.

Nú virkjum við alla sem okkur dettur í hug í fræðslu og umræðu um þessi mál, foreldra- og skólasamfélag, íþróttafélögin, krakkana í félagsmiðstöðvum, vinahópinn okkar, fjölskyldurnar o.fl. Við ákveðum hér og nú að þetta sé ekki í boði og við stöndum saman öll sem eitt um að uppræta svona framkomu.

Hverjir eru að skemma og eyðileggja?

Ef þú veist hverjir það eru sem eru að skemma fyrir okkur íbúum Mosó, taktu þá umræðuna við þá og segðu þeim að þetta er alls ekki „kúl“. Ef þeir skilja það ekki, láttu þá vita og þá verður talað við þessa aðila og reynt að fá þá til að skilja að við viljum nota peninga okkar Mosfellinga í eitthvað annað og skemmtilegra en að gera við skemmdir eftir þá.

Þetta eru væntanlega mjög fáir einstaklingar sem standa á bakvið flestar þessar skemmdir og ef við öll leggjumst á eitt að hjálpa til við að stoppa þetta rugl er ég viss um um þessir aðilar hætti þessu.

Með sameiginlegu átaki náum við að stoppa þessa hegðun sem skilar engu nema leiðindum og miklum kostnaði fyrir okkur og bæinn okkar.

Ásgeir Sveinsson

Íþróttahús við Helgafellsskóla

Ég starfa sem stuðningsfulltrúi við Helgafellsskóla. Meðal þeirra verkefna sem ég sinni er að fara ein með um 40 nemendur í rútu tvisvar sinnum í viku niður að Varmá í íþróttatíma.

Ferðin tekur okkur 80-85 mínútur frá því við förum frá Helgafellsskóla og þar til við komum til baka. Íþróttatíminn er 40 mínútur og það fara aðrar 40 mínútur í ferðir. Það hlýtur að vera eitthvað skakkt í þessu! Auk tímans sem þessi ferðalög taka þá er þetta mjög stressandi og kvíðavaldandi fyrir nemendur.

Á teikningum Helgafellsskóla er gert ráð fyrir íþróttahúsi en mér skilst að ekki sé enn búið að taka endanlega ákvörðun um hvenær það verði byggt. Við stuðningsfulltrúar sem störfum við Helgafellsskóla skorum á stjórn bæjarins að setja íþróttahús við Helgafellsskóla í algeran forgang.

Helgafellsskóli er ört stækkandi skóli í vaxandi íbúahverfi og er gert ráð fyrir um 450 nemendum í skólanum á næsta skólaári og því finnst okkur brýnt að drifið verði í því að setja íþróttahúsið á fjárhagsáætlun hið fyrsta.

Fyrir hönd stuðningsfulltrúa í Helgafellsskóla
Margrét Gróa Björnsdóttir

Hvernig er heilsugæslan mín og hver passar upp á heilsu mína?

Nú þegar vonandi fer að líða að því að við Íslendingar getum farið að lifa eðlilegra lífi, hugsa ég til margs sem kófið hefur haft í för með sér.

Að mörgu leyti höfum við Íslendingar haft það gott og betra en aðrar þjóðir. Margt mætti þó gagnrýna eins og hæga viðspyrnu við efnahagsvanda þjóðarinnar, lélegt aðstreymi bóluefnis og lítil sem engin viðbrögð við versandi líðan og heilsu fólks. Hér hafa skólar verið opnir, enda þekkjast síður dæmi um mikil alvarleg veikindi barna vegna veirunnar. Sömu sögu er ekki að segja t.d. frá Bandaríkjunum þar sem barnafjölskyldur hafa tekið sig upp og flutt á milli fylkja í þeim eina tilgangi að börnin þeirra kæmust í skóla og fengju menntun eftir árs lokun.

Þrátt fyrir minni takmarkanir hér á landi en víða í mörgum öðrum löndum, þá er hér vaxandi atvinnuleysi og fólk býr við einsemd og vanlíðan sem sumt má skrifa á afleiðingar kóvids. Bæði eldra fólk og yngra hefur einangrað sig og forðast samneyti við aðra. Það leiðir hugann að því hvort þetta fólk leiti síður til læknis en þeir sem svo er ekki ástatt um?

Hvernig er aðgengi að læknum og þjónustu hjá heilsugæslunni í heimabyggð? Heilsugæslan í Mosfellsbæ heyrir undir Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og er nú komin í nýtt húsnæði. Því miður hafa þær sögur gengið að löng bið hafi verið eftir tíma hjá lækni. Það leiddi án efa til þess að einhverjir skráðu sig á aðrar heilsugæslustöðvar sem ekki eru í heimabyggð. Má þar nefna Höfða í Reykjavík eða í Urðarhvarfi í Kópavogi. Kenni fólk sér meins er bið óboðleg og skaðleg. Vonandi verða breytingar til batnaðar og ber að fagna nýrri heilsugæslustöð við Sunnukrika í Mosfellsbæ.

Mér virðist blasa við að endurskipuleggja þurfi heilbrigðisþjónustuna að einhverju leyti þar sem búast má við að þegar kófinu slotar muni fleiri þurfa þjónustu og einnig sérhæfðari þjónustu. Heilsugæslan er skilgreind sem fyrsti viðkomustaður sjúklinga. Þar vill fólk geta fengið þjónustu síns læknis eða sinna lækna og myndi án efa auka líkurnar á því að rétt greining fengist sem fyrst.

Það er einnig umhugsunarvert hvort inn í kerfið eigi ekki að vera innbyggt ríkara eftirlit/eftirfylgni með sjúklingum en nú virðist raunin. Ef einstaklingur fer t.d. í uppskurð þar sem mein er fjarlægt, væri þá ekki eðlilegt að honum yrði fylgt eftir næstu árin ef einhverjar líkur væru á upptöku meinsins? Auðvitað eigum við sjálf að fylgjast með heilsu okkar eins vel og við getum. Leita aðstoðar fyrr en seinna enda skilar það betri andlegri og líkamlegri heilsu. Það er eðlileg krafa að aðgengi að þjónustu heilbrigðisstarfsfólks sé gott, vel sé hlustað á sjúkrasöguna og að bið eftir sérfræðilækningum verði ekki til skaða.

Una María Óskarsdóttir
uppeldis-, menntunar- og lýðheilsufræðingur
varaþingmaður Miðflokksins
í Suðvesturkjördæmi

Skráningin er hafin á

Sumarnámskeið Lágafellssóknar fyrir 6 – 9 ára krakka

1. – 4. bekkur, fædd 2012 – 2015

Tímabil í boði:

Vika 1: 14. – 18. júní (8.000 kr.) - frí 17. júní
Vika 2: 21. – 25. júní (10.000 kr.)
Vika 3: 9. – 13. ágúst (10.000 kr.)
Vika 4: 16. – 20. ágúst (10.000 kr.)
Námskeiðin verða í gangi kl. 9 - 16,
húsið opnar kl. 8:45

Leikir, ævintýri, söngur & fjör!

Skráning og nánari upplýsingar á
lagafellskirkja.is

MOSFELLSBÆR

EINSTÖK OG VEL STAÐSETT ATVINNULÓÐ FYRIR VERSLUN OG ÞJÓNUSTU

Mosfellsbær auglýsir til úthlutunar 6.635 m² atvinnulóð við Skarhólabraut 3 fyrir verslun eða þjónustu. Lóðin er á áberandi stað við Vesturlandsveg og býr að góðu aðgengi.

Mosfellsbær auglýsir til úthlutunar atvinnuhúsalóð við Skarhólabraut 3 í Mosfellsbæ og fer úthlutun þeirra fram á grunni fyrirliggjandi úthlutunarskilmála.

Lóðin er 6.635 m² atvinnuhúsalóð á áberandi stað og er leyfilegt byggingarmagn allt að 1.990,6 m². Á lóðinni er heimilt að reisa húsnæði fyrir verslun eða þjónustu.
Eingöngu lögaðilar geta sótt um lóðina og skulu þeir sýna fram á að þeir hafi fjárhagslega getu til að efna tilboð sitt og til að standa undir kostnaði við byggingu mannvirkis á lóðinni.

Lágmarksverð nemur gatnagerðargjöldum af leyfilegu byggingarmagni samkvæmt deiliskipulagi í samræmi við gjaldskrá Mosfellsbæjar kr. 69.770.530. Nánari kröfur um hæfi umsækjenda er að finna í úthlutunarskilmálum. Úthlutun fer fram á grundvelli niðurstöðu matsnefndar.

Allar nánari upplýsingar um úthlutun lóðarinnar er að finna á slóðinni mos.is/atvinnulodir og hjá Arnari Jónssyni, forstöðumanni þjónustu- og samskiptadeildar Mosfellsbæjar í síma 525-6700.

UMSÓKNUM ÁSAMT FYLGIGÖGNUM SKAL SKILAÐ MEÐ RAFRÆNNI UMSÓKN Á MOS.IS/ATVINNULODIR, EIGI SÍÐAR EN KL. 13:00 ÞANN 7. MAÍ 2021.

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is

HEILSUMOLAR GAUA

ÁKVARÐANIR OG AFSTAÐA

Í gærmorgun (þetta er skrifað á mánudagsmorgni) sat ég við eldhúsborðið og skipulagði vorið og sumarið út frá þeirri heimsmynd sem þá blasti við mér. Dagatalið var stútfullt af fótboltaleikjum, æfingum og viðburðum sem tengdust þessu tvennu. Tilhlökkunin var mikil. Núna rétt rúmum sólarhring síðar eru blikur á sóttvarnarlofti vegna þess að örfáir einstaklingar höfðu ekki dug í sér til þess að fara eftir okkar einföldu sóttvarnarreglum.

Ég er venjulega geðgóður, bjartsýnn og skilningsríkur en ég skil ekki hvað þeir sem ferðast og fylgja ekki sóttvarnarreglum eru að hugsa. Það eru sóttvarnarreglur í öllum löndum heims og þeir sem geta skipulagt ferðalög ættu að geta skipulagt sóttkví líka. Ef ekki, ættu þeir ekki að ferðast. Ég ferðaðist sjálfur í febrúar og fannst sjálfsagt að fara eftir sóttvarnarreglum, heima og heiman.

Það skín hugsanlega í gegn að ég er smá súr yfir þessu og ekki í skapi til að smella fram „allir geta nú gert mistök“ frasanum. Þetta eru einfaldlega mistök sem enginn ætti að vera að gera núna þegar covidið er búið að hefta okkur svona lengi. EN, ég ætla samt ekki að vera fúll lengi eða láta þetta eyðileggja fyrir mér sumarið. Það er ekki búið – þegar þetta er skrifað – að breyta sóttvarnarreglum, en ég er viðbúinn og klár með Plan B ef það verður gert. Ég ætla að hafa nóg að gera og vera mjög aktívur næstu mánuði, það er ekki nokkur einasti möguleiki að ég ætli að leggjast í covid-dvala þegar sól er hæst á lofti.

Tilveran er dugleg þessa dagana að bjóða okkur upp á áskoranir og gleðitíðindi til skiptis. Það sem við getum gert er að stýra eigin viðbrögðum og athöfnum. Finna leiðir, sjá tækifæri og skipuleggja okkur þannig að við getum bæði notið góðra stunda og brugðist hratt við breyttum aðstæðum.

Guðjón Svansson
gudjon@kettlebells.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar
Sími: 586 8080
www.fastmos.is

Unglingarnir okkar – harðnaðir glæpamenn eða hæfileikaríkir og kurteisir einstaklingar?

Við í félagsmiðstöðinni Bóli vinnum með unglingunum okkar alla virka daga. Það er fjölmennur hópur sem leggur leið sína til okkar dag hvern, annaðhvort í skipulagt starf eða „bara“ til þess að spjalla. Þess á milli lesum við, á hinum ýmsu samfélagsmiðlum, athugasemdir um krakkana okkar.

Við, starfsfólkið, lokum ekki augunum fyrir þeirri hópamyndun sem hefur átt sér stað að undanförnu, en við vitum líka að það er verið að vinna, í samvinnu við foreldra, með þessa örfáu einstaklinga sem rötuðu aðeins út af sporinu.

Það er upplifun starfsmanna Bólsins að stærsti hluti unglinganna okkar er á hárréttri braut og við gerum allt sem við getum til að aðstoða þessa örfáu við að komast aftur á rétta sporið. Hafa skal þó í huga, að Bólstarfsmönnum þykir einstaklega vænt um þessa örfáu, sem og aðra unglinga Bólsins, og innan okkar veggja eru þeir skemmtilegir, tillitsamir og kurteisir.

Við fengum nokkra einstaklinga til að skrifa niður af hverju þeir koma til okkar í Bólið. Rauði þráðurinn í þeirra punktum var að þeim finnst gott að koma og spjalla við starfsfólkið.

Á unglingsárunum eru krakkarnir að taka út þroska og átta sig á hvaða persóna þeir eru og/eða vilja vera. Mikilvægt er að mæta þeim á jafningjagrundvelli og virða þeirra skoðanir. Við verðum að forðast að setjast í dómarasætið, heldur reyna frekar að ná fram umræðum þar sem allar hliðar eru skoðaðar.

Í Bólinu eru samræðurnar oft mjög líflegar, en hvernig eiga þessir krakkar að geta speglað sig í fullorðnum einstaklingum, ef þeir fá ekki tækifæri til að tjá sig og finna að á þá sé hlustað?

Eins og með okkur öll, þá þurfum við mismikla aðstoð við að finna okkar hillu í lífinu, en við getum verið sammála um það að það er gott að fá stuðning. Öll upplifum við það að mistakast eða taka, á einhverjum tímapunkti, ranga ákvörðun. Það á jafnt við um börn, unglinga og fullorðna einstaklinga.

Það sem unglingarnir eiga sameiginlegt hjá okkur er að vera kurteisir og vel upp aldir. Þeir bera oftast virðingu fyrir skoðunum annarra og vilja þá líka fá þá virðingu til baka.

Við fullorðna fólkið getum lært mikið af þessum aldurshópi því í þeirra augum er ekkert ómögulegt og þeir eru ávallt tilbúnir að læra eitthvað nýtt eða horfa á málin frá fleiri sjónarhornum. Þeir eru hæfileikaríkir og jákvæðir, en þurfa að fá tækifæri. Tækifæri til að gera vel, en líka tækifæri til að misstíga sig og fá aðstoð við að standa aftur á fætur.

Við viljum með þessum skrifum skora á bæjarbúa að mæta unglingunum okkar með opnum huga og jákvæðni. Þeir eiga það svo sannalega skilið. Hjálpumst að við að styrkja þá og styðja þannig að leiðin inn í fullorðinsárin verði auðveld og ánægjuleg.

Fyrir hönd starfsmanna Bólsins og unglinganna okkar, Guðrún Helgadóttir, forstöðumaður Bólsins.

Svana Karen Kristjánsdóttir, 10. bekk

» Ég er í 10. bekk og hef verið í Bólráði í 9. og 10. bekk. Í Bólráði skipuleggjum við geggjaða viðburði fyrir bæði krakka í Varmá og Lágó, eins og t.d. Bólnótt og svo vorum við að skipuleggja ferð til Vestmannaeyja. Bólráðið fór í vinnu/skemmtiferð á Selfoss, skipulögðum og höfðum gaman allur hópurinn saman. Ég hef mætt í Bólið síðan í 8. bekk. Þetta er frábær staður til að vera á í eyðum og lausum tímum, geggjað starfsfólk sem elskar að spjalla og er alltaf til staðar.

Þórir Hlynsson, 10. bekk

» Ég er í leiklist í Bólinu sem er skemmtileg af því kennararnir eru skemmtilegir og gaman að tala þá. Við lærum að leika eins og alvöru leikarar með spuna og leikjum. Krakkarnir vinna vel saman við að búa til leikrit.

Tinna Líf Óladóttir 10. bekk

» Ég er að fara að keppa í Söngkeppni Samfés þann 9. maí. Ég komst áfram úr undankeppni Samfés sem ég tók þátt í fyrir hönd félagsmiðstöðvarinnar minnar, Bólsins.

Þegar ég fer í Bólið finnst mér skemmtilegast að spila pool með vinum mínum eða spjalla við skemmtilegu starfsmennina sem eru í Bólinu. Samt er svo mikið annað skemmtilegt hægt að gera og aldrei leiðinlegt að fara í Bólið.



Þorgeir Björgvinsson, 10. bekk

» Það sem ég geri í Bólinu er að ég spila borðtennis, pool og tölvuleiki. Oftast samt er ég bara að spjalla við vina mína og starfsmenn. Það sem ég geri í Bólráði er að ég plana dagskrár, ferðir og skemmtanir.

Hrefna Lind Óladóttir Tran 9. bekk

» Ég hef mætt í Bólið síðan í 7. bekk og hef alltaf skemmt mér svaka vel. Ég fór í Bólráðið því mér finnst gaman að skipuleggja hluti. Bólráðið skipuleggur ferðir, til dæmis til Vestmannaeyja, í bíó og margt fleira. Mér finnst líka alltaf gaman að mæta í Bólið, á milli tíma, í hádeginu og í kaffi og það er alltaf stemning og starfsmennirnir gera tímann líka helmingi betri!



Þurrkuð strá

í mörgum stærðum og gerðum

KR. 5.900,-

Lavender

KR. 2.990,- / búnt

KR. 990,- / stk

STILKUR.IS

20% kynningarafsláttur út maí
Afsláttarkóði – MOS21

STILKUR
ÞURRKUÐ BLÓM & SKREYTINGAR

Stöðuuppfærslur in your face

Valdimar Leó Friðriksson

Ágætu félagar og áhugafólk um íþróttir. Kallinn var að hætta sem formaður Héraðssambandsins UMSK.
En þá er það næsta verkefni í störfum fyrir íþróttahreyfinguna. Framboð til stjórnar ÍSÍ. Vonandi er stemming fyrir því. *13. apríl*

Alexander Lexi Kárason

Rafíþróttadeild er að fæðast í Mosó.
Hvet alla sem vilja að taka þátt í uppbyggingunni að hafa samband og auðvitað láta sem flesta vita.
Sendið mér skiló ef hafið áhuga að hjálpa til.
14. apríl

Leifur Guðjónsson

jæja er orðin frekar þreyttur á þessu endalausa væli yfir öllu ,,,tökum okkur saman og verum þakklát fyrir hlutina stundum er ekki mokaður snjór svo er of mikið um mokstur,,, núna er 3 vikna vorhreingernig og þá er farið að væla , í reykjavík er hreinsunaráætkið 1 laugardagur hér er stjanað við bæjarbúa með td gám út um allan bæ í 3 vikur HVERGI á íslandi er boðið upp á aðra eins þjónustu skátarnir voru að tína rusl um dagin við versturlandsveg nei nei voru menn ekki bara að missa legvatnið yfir því að börn væru út á miðjum vegi slakið ykkur,,, það var borið á túnin á reykjum um daginn einhverjir 101 nýbúar snarvitlausir ,,,, velkomin í sveitina 270 ,,,,, gerum hlutina saman ekki alltaf vera a'ð þessu blessaða væli ,, hlustið minna á útvarp sögu eigið geggjað sumar áfram mosó ... *19. apríl*



Hanna Margrét Kristleifsdóttir

Nú er Gunni bróðir kominn í Mosfelling. Fór að grínast við Unnur systir að nú þyrfti hún að komast í Mosfelling. Þá værum við öll systkinin búin að koma. Hún var fljótt að svar að hún hefði ekki áhuga á því. Hún léti okkur Gunnar um sviðsljósið :):):) *3. apríl*

facebook

BílaGlerið
Framrúður & ísetningar
Sími 587-6510
Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla
Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is

Þjónusta við leiði
Þarf að rétta við steininn
Mála í stafi
Bæta við jarðveg
Annað?
Uppl: Sími -8610119 – leidretta@gmail.com

SG VERK
Öll almenn smíði
Fagleg og vönduð vinnubrögð.
Erum byrjaðir að bóka sólpalla fyrir sumarið.
Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu!
7799760 Sumarliði / Gísli 7799761

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
SJÓVÁ TM VÍS VÖRÐUR
Frí Tjónaskoðun
GÆÐAVOTTAÐ VERKSTÆÐI
Auðbrekku 27. Kópavogi
www.bilasprautun.is
554 2510

BE HAPPY
ICELAND
BE HAPPY Stúdíó
ÞVERHOLT 2
8623782
Tek að mér allskyns sauma verkefni.
Fataviðgerðir, breytingar o.fl.
Alla virka daga 9:00 - 18:00

GÓÐIR MENN EHF
Rafverktakar
GSM: 820-5900
• nýlagnir • viðgerðir
• endurnýjun á raflögnum
• hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
• síma og tölvulagnir
Löggiltur rafverktaki

Ökukennsla Lárusar
Gsm 7775200 akamos@simnet.is
Vespu-, bifhjóla-, og bílpróf
Annast akstursmat og sé um hæfnispróf fyrir þá sem hafa gleymt að endurnýja

Öll almenn vörubíla- og kranaþjónusta
• Grabbi, grjótkló og fl.
• Útvega öll jarðefni.
• Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.
• Sláttuþjónusta og fl.
BJ VERK ehf.
Björn s: 892-3042

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~
BIFREIÐAVERKSTÆÐI MOSFELLSBÆJAR
Flugumýri 2 - Sími 566-6216

FAGVERK

Þú finnur öll blöðin á netinu
WWW.MOSFELLINGUR.IS

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING
TRAUST • REYNSLA
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.
Sverrir Einarsson

VGH Mosfellsbæ
VERKTAKI SÍÐAN 1968
896-9443 896-2279
ÞAÐ SEM TIL ÞARF

HEYRST HEFUR...

...að pizzastaðurinn Pizzan ætli að opna við hlið Krónunnar þar sem Blackbox var áður.

...að 10 umsækjendur hafi verið um stöðu skólastjóra við Varmárskóla.

...að Greta Salóme sé búin að kaupa sér hús í Helgafellshverfi.

...að Mosfellingurinn Sigríður Dögg Auðunsdóttir bjóði sig fram til formanns Blaðamannafélags Íslands.

...að Heima með Helga, sem tekið var upp í Hlégarði, hafi verið valið tónlistarviðburður ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum.

...að golfarar vilji fá salernisaðstöðu við 8. braut á Hlíðavelli.

...að veitingastaðurinn Serrano sé búinn að kaupa glerhýsið í Bjarkarholtinu.

...að strákarnir í Kaleo séu að koma út með nýja plötu um helgina en nýjasta myndaband þeirra við gosstöðvarnar hefur slegið í gegn.

...að það sé að koma ný vallarklukka á Fagverksvöllinn.

...að 2.000 fm húsnæði Sigurplasts við Völuteig sé til sölu.

...að hægt sé að leigja borðspil á bókasafninu og þeim fari fjölgandi.

...að ærslabelgurinn á Stekkjarflöt sé kominn í gagnið eftir veturinn.

...að Anna Guðrún og Maggi.net eigi von á sínu öðru barni í haust.

...að knattspyrnumaðurinn Arnór Gauti ætli að spila með Aftureldingu í sumar.

...að Steinunn og Stefán eigi von á sínu fyrsta barni í sumar.

...að mosfellska hljómsveitin Redline hafi verið að gefa út ábreiðu af lagi Pearl Jam og fengið góð viðbrögð.

...að stjörnukylfingurinn Valdís Þóra sé komin í þjálfarateymi Golfklúbbs Mosfellsbæjar.

...að handknattleiksmaðurinn Elvar Ásgeirs sé kominn í landsliðshóp Íslands sem leikur þrjá leiki í næstu viku.

...að Una Hildardóttir hafi landað þriðja sætinu í forvali VG í Suðvesturkjördæmi.

...að Lágafellskirkja verði lokuð í tvo mánuði í sumar vegna viðgerða.

...að Mosfellsbær sé að auglýsa lóðina við hlið slökkvistöðvarinnar til sölu fyrir verslun og þjónustu.

...að hátíðarhöld á sumardaginn fyrsta falli niður en Mosverjar verði með tindaáskorun á Lágafell fyrir börn og fjölskyldur.

...að 16 manns hafi sótt um stöðu skólastjóra Listaskóla Mosfellsbæjar.

...að Árni Bragi sé á leiðinni suður og muni spila með Aftureldingu á næsta tímabili en þau Sigdís eiga von á barni í haust.

...að Lexi sé að fara stofna rafíþróttadeild í Mosfellsbæ næsta fimmtudag.

mosfellingur@mosfellingur.is

Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is

Ellen Una Matthíasdóttir fæddist 21. október 2020 á Akranesi. Fæðingarþyngd og -lengd: 4.006 gr og 52 cm. Foreldar: Tanja Ösp Þorvaldsdóttir og Matthías Hugi Halldóruson.

Í eldhúsinu

HJÁ SVERRI OG HREFNU

Humarpizza

Sverrir Ágústsson og Hrefna Fanney Matthíasdóttir deila hér með okkur girnilegri uppskrift að humarpizzu.

Pizzabotn 2 stk 12“ botnar (eða nota tilbúið deig)
- 250 g spelt
- 3 stk vínsteinslyftiduft
- ½ tsk salt
- 1 tsk oregano
- 2 msk ólífuolía
- 125 ml heitt vatn

Þurrefnum blanda saman í skál. Bætið olíunni út í, síðan vatninu og hnoðið deigið. Stráið smá spelti á borðið, skiptið deiginu í tvennt og fletjið frekar þunnt út í tvo hringlaga botna ca 25 cm í þvermál. Setjið bökunarpappír á ofnplötu, deigið þar ofan á og forbakið við 200°C í 3-4 mín. og setjið síðan rakt viskastykki ofan á botnana svo þeir verði ekki að tvíbökum!

Hráefni ofan á pizzubotn:
- Slatti af humri sem er hreinsaður og lagður í olíu með hvítlauk, maldonsalti og pipar
- Rifinn mozzarellaostur
- Saffran (má sleppa)
- Ósaltaðar pistasíuhnetur ca ¾ úr poka á hverja pizzu
- Klettakál ca ¾ úr poka á hverja pizzu

Ostinum er stráð á pizzubotnana, rétt áður en humarinn er tekinn úr skálinni er smá saffrani stráð yfir humarinn. Raðið humrinum yfir ostinn, myljið aðeins hneturnar og stráið yfir og skellið svo í ofninn á 200°C í ca 15 mín.

Sósa:
- Safi úr einni sítrónu
- 4 msk olía
- 4 tsk gróft sinnep
- 6 msk hunang
- Salt og pipar

Blandið olíu, sinnepi, og hunangi vel saman, setjið sítrónusafann út í smám saman og smá salt og pipar. Þegar pizzan er klár og tekin úr ofninum þá er klettakálinu og sósunni dreift yfir, sósan er líka borin fram með pizzunni.

Verði ykkur að góðu!

Sverrir og Hrefna Fanney skora á Hrafnhildi og Þór að deila næstu uppskrift

HVAÐ GERIST NÆST?

Þegar ég skrifaði pistil hér síðast í bæjarblað okkar Mosfellinga þá var ég bjartsýnn á betri tíma. Bjartsýnn á að næst þegar ég skrifaði pistil þá væru komnir bjartari tímar hvað Covid varðar. Að við Mosfellingar yrðum meira og minna bólusett og öll valhoppandi af gleði yfir því að fá að mæta frjáls í ræktina, sund, leikhús og svo framvegis.

Ég hafði ímyndað mér að ástandið væri svipað og þegar beljunum er hleypt út á vorin, eða svona þar um bil. Ég sá fyrir mér smekkfulla Bónus eða Krónuna af glöðum Mosfellingum slefandi upp í hvert annað af einskærri gleði við það eitt að geta tekið aftur í spaðann á gömlum kunningja. Að Barion væri stútfullur frá morgni til kvölds og það væri þétt setið á öllum borðum. Og það væri ekki þverfótað í World Class og Eldingu fyrir sveittum kroppum sem rífa í lóðin og hlaupa á brettunum svona til að vinna upp glataða tíma.

En enn og aftur þegar kemur að því að spá í framtíðina er ég með skituna upp á bak og væntingar mínar heldur óraunhæfar. Þessi Covid fjandi staldrar enn við og virðist ekki vera á förum. Það lítur út fyrir að við þurfum að halda Þorrablót Aftureldingar í haust og fjölmenn afmæli og aðrar veislur verða að bíða betri tíma.

Þetta ástand er náttúrulega löngu hætt að vera ásættanlegt, fólk skiptist í fylkingar um hvort eigi að skella í lás á klakanum tímabundið eða reyna að standa storminn af sér. Hvað svo sem verður gert þá verður eitthvað að fara að lagast. Atvinnuástandið þarf að komast á réttan kjöl og hlutirnir þurfa að komast aftur af stað.

Ekki geta allir opnað OnlyFans reikning til þess að færa björg í bú og salt í grautinn ... Og hvað allt þetta nú kallast. Ég er að minnsta kosti viss um að ég færi ekki vel út úr þeirri atvinnugrein ...

Upp með sprauturnar og áfram gakk. Þetta gengur ekki svona lengur.

HÖGNI SNÆR



Gleðilegt sumar!

mosfellsbakari.is

Háholt 13-15 og Háaleitisbraut 58-60

MOSFELLSBAKARÍ

SMÁ AUGLÝSINGAR

Stríðsmunir
Óska eftir munum frá stríðsárunum tengdum Mosfellssveit www.fbi.is sími 8225344. Tryggvi.

Nudd
Bjóðum upp á svæðanudd - fótanudd á sanngjörnu verði. Léttir fyrir allan líkamann og til að slaka á, veljið ilmkjarnaolíu fyrir proseager. Pantið tíma í síma: 8227750 (Lenka)

Smáauglýsingarnar eru fríar fyrir einstaklinga
mosfellingur@mosfellingur.is

ÞÚ GETUR AUGLÝST FRÍTT
(...allt að 50 orð)

Sendu okkur þína smáauglýsingu í gegnum tölvupóst:
mosfellingur@mosfellingur.is

MÓTANDI

NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT
13. MAÍ
Blaðinu er dreift frítt í öll hús í Mosfellsbæ.
Skilafrestur efnis/auglýsinga er til hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.
mosfellingur@mosfellingur.is

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA — VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

GLERTÆKNI ehf
Völuteigi 21
- gler í alla glugga -
S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS

FÓTAAÐGERÐASTOFA MOSFELLSBÆJAR
Þverholti 3 - Sími: 566-6612

Sjúkraþjálfun & Sjúkranudd
HEILSUEFLING MOSFELLSBÆJAR
Urðarholt 4 Mosfellsbær — Sími 578 5080

Tek að mér alla krana- og krabbavinnu
Útvega allt jarðefni
VÖRUBÍLL Þ.B.
Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142

MALBIKSTÖÐIN

Ökukennsla HREIÐARS
8201616
ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ

www.arioddsson.is
ARI ODDSSON EHF
BYGGINGAVERKTAKI
MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA
FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI
Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070

FHS
HJÁLMAR GUÐMUNDSSON
LÖGGILDUR HÚSASMÍÐAMEISTARI
S:6959922
FHSVERK@GMAIL.COM

MG Lögmenn ehf.
Öll almenn lögfræðiþjónusta
Innheimtur
Sala fasteigna
Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is

B. Markan ehf.
Pípulagnir
660 6690
www.bmarkan.is

Bílapartar ehf
Notaðir **TOYOTA** varahlutir
Sími: 587 7659
Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ
www.bilapartar.is

BÍLAVIÐGERÐIR
BÍLHÚSIÐ
www.bilhusid.is
Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.
Smiðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

SPURNING TIL BÆJARBÚA

Hvað ætlar þú að gera í sumar?

MIKAEL MÁNI: Fara hringinn í kringum Ísland.

SMÁRI: Leika í fótbolta.

ERIKA: Fara til Akureyrar.

FRIÐRIKA: Fara í sumarbústað.

DAGBJÖRT: Leika við vini.

VIÐAR: Spila fótbolta.

Fylgdu okkur á Instagram...

@MOSFELLINGUR

HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is

Spreyjararnir á tjúttinu

Þeir fóru í veiðiferð í gær

Fjölgun í kortunum

Leitið og þér munuð finna

Gosarnir í Fagradal

Ofurdeildin

.naryl

ÞRÍFARAR

Egill Fannar

Sigmundur Davíð

Siggi dúlla

NÚ GETUR ÞÚ KOMIÐ Í LITUN SEM TEKUR AÐEINS 9 MÍNÚTUR

Liturinn hentar aðallega í rót og fyrir þá sem vilja 100% lit. Fallegur glans, hylur 100% grátt hár og þarf aðeins 9 mínútur í bið.

Þú getur pantað tíma á netinu eða í gegnum NOONA appið.

Sprey hárstofa óskar öllum gleðilegs sumars.

Hárstofan Sprey

Simi 5176677
og á noona.is/sprey

8. BEKKUR
9. BEKKUR
10. BEKKUR

Vinnuskóli Mosfellsbæjar

MOSFELLSBÆR

Umsóknarfrestur til 23. apríl

- Vinnuskóli Mosfellsbæjar er fyrir ungt fólk fætt á árunum 2005-2007. Opnað hefur verið fyrir umsóknir í Vinnuskóla Mosfellsbæjar fyrir sumarið 2021. Sótt er um á vinnuskoli-umsokn.vala.is.
- Umsóknarfrestur er til 23. apríl og verður öllum umsóknum sem berast fyrir þann tíma svarað fyrir 30. apríl 2021.
- Reynt verður að verða við óskum allra en gera má ráð fyrir að ekki verði hægt að uppfylla allar óskir um tímabil og vinnustöð.
- Ef einhverjar spurningar vakna sendið tölvupóst á netfangið vinnuskoli@mos.is.

ÓSKA EFTIR EIGNUM

Vegna mikillar eftirspurnar eftir eignum í Mosfellsbæ óska ég eftir eignum á söluskrá

Ég aðstoða kaupendur í fasteignaviðskiptum þegar drauma eignin er fundin. Mæti að kostnaðarlausu með viðskiptavini að skoða eignina og veiti aðstoð í öllu ferlinu.

Hlakka til að heyra frá þér og ræða næstu skref.

Kristinn Sigurbjörnsson Löggiltur fasteignasali - Byggingafræðingur
Beinn sími: 560-5502 Netfang: kristinn@allt.is

Nýleg meðmæli:

Mæli eindregið með Kidda. Hann seldi fyrir mig. Mjög traustur og áreiðanlegur, fylginn sér og fullur af fróðleik með reynslu og þekkir mjög vel til byggingar og reglugerðar, var mér til halds og traust frá byrjun til enda frábær þjónusta. Fær 110 prósent meðmæli frá mér.

Kiddi fasteignasali starfar af áhuga á faginu og heillindum við sína viðskiptavini. Virkilega góð þjónusta og fagmannleg vinnubrögð.

ALLT FASTEIGNASALA

www.allt.is Sími 560 5500

Fasteignasala Mosfellsbæjar
Sími: 586 8080
fastmos.is

MOSFELLINGUR

WWW.MOSFELLINGUR.IS - MOSFELLINGUR@MOSFELLINGUR.IS

GK Snyrtistofa
Kjarna Þverholti 2
Sími: 534 3424

HREINSUNARÁTAK

Um síðustu helgi var ráðist í hreinsunarátak á opnum svæðum í Mosfellsbæ. Afturelding og skátafélagið Mosverjar lögðu sitt af mörkum og eru Mosfellingar hvattir til að gera snyrtilegt í kringum sig nú þegar sumarið gengur í garð. *Mynd:RaggiÓla*

Sæktu Landsbanka-appið
App Store Google Play

Múlalundur
Glæsileg ritfangaverslun í Mosfellsbæ
- kíktu við, þá vinna allir!
MÚLALUNDUR
vinnustofa SÍBS
við Reykjalund, Mosfellsbæ
www.mulalundur.is

MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM

Pétur Pétursson
löggiltur fasteignasali
897-0047

Davíð Ólafsson
löggiltur fasteignasali
896-4732

Þjónusta við Mosfellinga í 30 ár

Háholt 14, 2. hæð
588 55 30

BERG FASTEIGNASALA

Reykjahvoll



Erum með einbýlishúsalóðir á flottum stað innan við Reyki í Mosfellsbæ.
Hentar vel þeim sem kjósa að búa í úthverfi og í fallegri náttúru. Frábærar gönguleiðir.

Þverholt

Falleg 60 fm 2 herb. íbúð á jarðhæð. Góð gólfefni og innréttingar. Vandað baðherbergi með flísum. Mikil lofthæð. Sérinngangur. Verð 34,8 m.

Blíðubakki-hestamiðstöð

Vel staðsett 900 fm hestamiðstöð efst í hesthúsahverfi Mosfellsbæjar. Pláss í stíum fyrir 35 hesta. Stór salur fyrir tamningar o.fl. Séríbúð á efri hæð og gott aðgengi. Flott aðstaða fyrir hestafólk, hnakkageymsla og snyrtiaðstaða. Stór hlaða og tæki. Góð gerði og bílastæði.

Sunnukriki

Glæsilegt húsnæði til leigu á frábærum útsýnisstað í Krikahverfi. 110 fm til 500 fm eftir aðstæðum. Næg bílastæði. Glæsileg eign með góða staðsetningu.

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 9-18 • NETFANG: BERG@BERG.IS • WWW.BERG.IS • BERG FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1989